



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu
2009-2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur og aðferðir	2
Heildarmat - meginniðurstöður úttektar Capacent á framhaldsfræðslukerfinu árin 2009-2013	3
Mat á markmiðum a, b og c:	4
Mat á markmiði d:	5
Mat á markmiði e:	5
Mat á markmiðum f og g:.....	6
Mat á markmiði h:	6
Framhaldsfræðslukerfið	9
Fræðslusjóður	9
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	10
Megináherslur og verkefni FA á árunum 2010-2012.....	10
Samstarf um framhaldsfræðslu frá 2010	15
Markmið laga um framhaldsfræðslu	16
Samstarfsyfirlýsing ráðuneyta, ASÍ, BSRB, SA og SÍS.....	16
Mímír-símenntun.....	18
Framvegis	19
Símenntunarmiðstöð Vesturlands.....	19
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	20
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	20
SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.....	21
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	22
Austurbrú (áður Fræðslunet Austurlands).....	22
Þekkingarnet Þingeyinga.....	23
Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	24
Fræðslunet Suðurlands	24
Iðan fræðslusetur.....	25
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	25
Fræðslusetrið Starfsmennt.....	26
Viðhorfskönnun meðal þjónustuþega.....	27
Tölfræði nemendaskráningar	38
Samantekt á niðurstöðum viðtala, vinnustofa og vettvangsheimsókna	41
Viðtöl	41
Heildarniðurstöður – greining viðtala og vinnustofa	41
Hvað gengur vel?	44
Hvað gengur miður vel	46
Almennar ábendingar	50
Fjárveitingar, fjármögnun og ráðstöfun fjármuna	52
Þróun framlaga ríkissjóðs frá árinu 2006	52
Viðauki 1 - Viðmælendur og þátttakendur á vinnustofum.....	58

Inngangur og aðferðir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Capacent að gera heildstæða úttekt á framhaldsfræðslukerfinu sem beinist að hlutverki þess og verkaskiptingu og samstarfi FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila, annarra hagsmunaaðila og ráðuneytisins.

Meginmarkmið úttektarinnar samkvæmt samningi er að:

- Leggja mat á þróun framhaldsfræðslukerfisins (FA, Fræðslusjóður, símenntunarmiðstöðvar), skilvirkni þess og nýtingu fjár.
- Skoða hvaða árangri það hefur skilað sl. fimm ár og hvernig samskiptum milli hagsmunaaðila og ákvarðanatöku er háttað.
- Sérstök áhersla er lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni kerfisins.

Tilgangur úttektarinnar er að svara því, gagnvart bæði hagsmunaaðilum og einstökum samningsaðilum, að hve miklu leyti þeim markmiðum sem að var stefnt hafi verið náð, hvort þau hafi verið raunhæf, bæði faglega og fjárhagslega. Lögð var áhersla á að opna markvisst samtal úttektaraðila við fulltrúa FA, Fræðslusjóðs, fræðsluaðila og annarra hagsmunaaðila þannig að unnið væri að því í sameiningu að svara þeim spurningum sem úttektin útheimti.

Úttektin byggir annars vegar á fyrirliggjandi gögnum eins og gildandi samningum, fjárhagslegum upplýsingum og fyrri úttektum og sjálfsmati þar sem slíkt efni lá fyrir. Þessi gögn voru nýtt til þess að undirbúa og útfæra þá gagnaöflun sem úttektin krafðist. Hins vegar byggir úttektin á þeim gögnum sem úttektaraðilar öfluðu frá stofnunum og aðilum ásamt samanburði og úrvinnslu á þeim gögnum sem aflað var.

Tveir ráðgjafar unnu að lausn verkefnisins auk sérfræðinga rannsóknasviðs Capacent. Ráðgjafar tóku viðtöl við stjórnarmenn hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði, ræddu við alla framkvæmdastjóra fræðslumiðstöðva og fræðsluaðila og héldu vinnustofur hjá öllum þeim aðilum sem sinna verkefnum innan framhaldsfræðslunnar og njóta fjármögnunar á grunni fjárveitinga úr ríkissjóði og fjárframlaga úr Fræðslusjóði. Á vinnustofunum var fjallað um starfsemi hvers aðila fyrir sig, fjallað var um það sem að mati þátttakenda var að ganga vel við framkvæmd verkefna innan gildandi lagaumhverfis og samninga, einnig var fjallað um hvað væri að ganga síður. Á grunni þeirrar umræðu var síðan kallað eftir ábendingum um úrbætur eða breytingar sem þátttakendur teldu að gera þyrfti í ljósi reynslu síðustu ára, þ.e. frá því að lög um framhaldsfræðslu tóku gildi 1. janúar 2011. Alls áttu úttektaraðilar samskipti við 73 einstaklinga við vinnslu úttektarinnar og er þeim þakkað samstarfið en listi yfir viðmælendur og þátttakendur í vinnustofum er í viðauka 1.

Samhliða úttektinni og eftir að vettvangsheimsóknnum ráðgjafa til aðila lauk, var framkvæmd viðhorfskönnun meðal notenda þeirrar þjónustu sem framhaldsfræðslukerfið sinnir. Það verkefni er fjármagnað af Fræðslusjóði og eru niðurstöður könnunarinnar bornar saman við aðrar greiningar og annað efni sem aflað var í vinnu úttektaraðila. Tilgangur þess að bera gögnin saman er m.a. að kanna hvort til staðar sé munur á afstöðu og mati aðila á árangri af starfi framhaldsfræðslukerfisins eftir því hvort þeir eru að veita eða þiggja þjónustu.

Heildarmat - meginniðurstöður úttektar Capacent á framhaldsfræðslukerfinu árin 2009-2013

1. Að mati úttektaraðila hefur framhaldsfræðslukerfið eins og það er afmarkað í lögum náð þeim markmiðum sem sett eru í markmiðskafla laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Þeir fjármunir sem ríkið ver til málaflokksins eru nýttir á skilvirkan hátt og renna með skýrum hætti til þeirra verkefna sem að er stefnt. Samskipti FA, Fræðslusjóðs og fræðsluaðila eru á faglega sviðinu til fyrirmyndar þó svo að til staðar sé togstreita um einstaka þætti sem leiðir af ólíkum hlutverkum aðila. Þessi togstreita er þó ekki þess eðlis að hún veiki samstarf aðila við að mæta þörfum markhópsins fyrir menntun og þjálfun til að efla og bæta hæfni þeirra og tækifæri á vinnumarkaði.
2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber endanlega ábyrgð á lögformlegri uppbyggingu framhaldsfræðslu á Íslandi og sinnir þróuninni í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, auk þess að standa straum á meginhluta þess fjár sem rennur til framhaldsfræðslukerfisins eins og því er skipað í dag. Það fyrirkomulag sem er við lýði hérlendis er annað en í nágrannalöndunum þar sem opinberir aðilar, ríki eða sveitarfélög, annast þá framhaldsfræðslu sem ekki á sér stað innan fyrirtækja. Framhaldsfræðslan á Íslandi nýtur þess hins vegar að geta brugðist hratt við breytingum á þörfum markhópsins t.d. vegna nálægðar stéttarfélaga við félagsmenn og fyrirtækja við starfsmenn. Hagsmunir aðila vinnumarkaðarins, ríkis og sveitarfélaga fara því saman hér.
3. Árangurinn sem náðst hefur er mismikill eftir því hvert af átta markmiðum laganna verið er að skoða og hluta markmiðana er erfitt að mæla með fullnægjandi hætti. Því skiptir máli að við úttektina voru skoðuð fjölbreytt gögn og þeirra var aflað víða, rætt var við fulltrúa allra hagsmunaaðila og sömu greiningarnar voru unnar hjá öllum aðilum.
4. Árangurinn er augljósastur hvað varðar þann þátt að breyta lífi og störfum þeirra sem sækja sér nám og þjálfun innan kerfisins, skýr árangur á þeim þætti kemur fram í viðhorfskönnun meðal þeirra sem notið hafa menntunar innan kerfisins. Það mat sem kom fram í könnuninni er jafnframt í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við úttektina, en þau veita sömu niðurstöðu hvort sem um er að ræða mat notenda, fræðsluaðila eða fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.
5. Viðhorfskönnunin var framkvæmd í febrúar og mars 2014 meðal þeirra sem skilgreindir eru sem viðskiptavinir eða þjónustugegar framhaldsfræðslukerfisins. Tilgangur könnunarinnar var að komast að því hvaða reynslu þeir hefðu af þeirri þjónustu sem þeir fengu ásamt því að leggja mat á stöðu svarenda fyrir og eftir að þeir sóttu sér menntun eða ráðgjöf. Á heildina litið ríkir mikil ánægja meðal þjónustugega til framhaldsfræðslukerfisins hvort sem um er ræða tiltekna námsleið, námsráðgjöf eða raunfærnimat. Sú niðurstaða er í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við vinnslu þessarar úttektar þ.e. að vel hafi tekist til við að þróa menntunarræði fyrir fólk með litla menntun og að tilætluðum árangri hafi verið náð hvað þann þátt varðar.
6. Með setningu laga um framhaldsfræðslu árið 2010 fólst lögfesting á þeim meginþáttum í verklagi sem höfðu þróast í áföngum frá stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulíffins árið 2002. Lögfestingin færði þannig í lög þá stefnumótun sem átt hafði sér stað í gegnum ákvarðanir ríkisins og aðila vinnumarkaðarins. Markmiðið með stofnun FA á sínum tíma var að skapa vettvang um bætt menntun og möguleika fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, innflytjendur og sambærilega hópa. Fræðslumiðstöðin gerði fyrsta þjónustusamning sinn við ráðuneytið árið 2003 og gildi hann til ársloka 2006. Í byrjun ársins 2006 var undirritaður annar þjónustusamningur við ráðuneytið sem gildi út árið 2009. Í þeim samningi er fræðsluaðilum gert kleift að bjóða upp á vottaðar námsleiðir og náms- og starfsráðgjöf með framlagi frá FA. Viðaukasamningur var gerður í ársbyrjun 2007 sem gerði fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat með framlagi frá FA. Framhaldsfræðslukerfið eins og því er skipað í dag felur þannig í sér formfestingu á verklagi og verkaskiptingu sem hafði verið að myndast nokkur ár á undan. Af því leiðir að þegar lögin taka gildi þá finna fræðsluaðilarnir ekki fyrir mikilli breytingu utan þess að formlegheit tengd Fræðslusjóði herða á verklagi. Nokkrir fræðsluaðilar telja að framhaldsfræðslukerfið sé hugsanlega síður í stakk búið til þess að bregðast hratt við breytingum í ytra umhverfi þeirra sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda.

7. Í 2. gr. laga um framhaldsfræðslu er fjallað um markmið þeirra. Markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum er:
- að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
 - að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
 - að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
 - að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
 - að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
 - að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
 - að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
 - að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.
8. Hér að neðan er leitast við að draga saman þau gögn sem aflað var við vinnslu úttektarinnar og leggja þannig mat á það hvort og þá hvernig tilgreindum markmiðum laganna hefur verið náð.

Mat á markmiðum a, b og c:

- að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,**
- að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,**
- að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,**

Skilgreina má hluta af virkri þátttöku í samfélaginu sem beina þátttöku eða snertingu við þá þjónustu sem framhaldsfræðslukerfið er að veita einstaklingum með litla menntun að loknu grunnskólanámi. Frá árinu 2006 til ársins 2012 hafa 25.150 einstaklingar þegið ráðgjöf í það minnsta einu sinni og af þeim komu 21.464 einstaklingar eða um 84% hópsins í annað viðtal. Viðtöl við námsráðgjafa eru hluti af skilvirkni kerfisins og eru ætluð bæði sem stuðningur við mat og val á ólíkum leiðum. Viðtölin tryggja þannig að réttur stuðningur sé veittur þeim sem þurfa á að halda á hverjum tíma, fyrir þá takmörkuðu fjármuni sem eru til staðar. Hinn hluti skilvirkninnar er samvinna um gæðastarf á milli FA og fræðsluaðila á grunni EQM gæðakerfisins. Samráðsfundum FA með náms- og starfsráðgjöfum hjá fræðsluaðilum er ætlað að tryggja samræmda þróun þjónustunnar, tryggja lærdóm milli svæða, byggja undir gæði og tryggja að þjónustan þróist með þörfum markhópsins m.a. á grunni þjónustukannana meðal notenda.

Frá árinu 2009 til ársins 2013 hafa 1.829 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat og 13.398 farið í gegnum námsleiðirnar. Samkvæmt könnun Capacent meðal þjónustuþega hafði megin hluti hópsins eða 60,6% þeirra sem þáðu ráðgjöf lokið grunnskólaprófi en ekki framhaldsskólaprófi. Í viðtölum kom fram að mjög margir þjónustuþegar höfðu horfið frá námi í formlega kerfinu strax að loknum grunnskóla eða snemma á framhaldsskólastiginu. Margir notendur framhaldsfræðslukerfisins þurftu talsverða persónulega athygli ráðgjafa til að snúa aftur til baka í nám. Mikilvægi þess þáttar kemur t.a.m. vel fram í opnum svörum þátttakenda í könnuninni.

Byggt á þessum gögnum má færa rök fyrir því að framhaldsfræðslukerfið eins og það er skipulagt í dag sé að koma til móts við þarfir þjónustuþega og uppfylla þannig markmið a., b. og c.

Til að bæta árangur á þessu sviði væri unnt að efla gæðastarf enn frekar með bættri gagnaöflun t.d. með fleiri könnunum meðal þjónustuþega, þannig mætti laga námsframboðið betur og fyrr að þörfum markhópsins. Ekki verður annað séð en að þau tæki sem FA og fræðsluaðilar eru að beita séu að virka, eins og ráðgjöfin og gæðastarfið, en efla má samstarfið milli FA og fræðsluaðila. Samstarfið mætti vera á meiri jafningjagrundvelli og stórir og öflugir fræðsluaðilar, eins og Mímir-símenntun svo dæmi sé tekið, gætu tekið að sér hlutverk á sviði þróunar framhaldsfræðslukerfisins þannig að sú þekking og reynsla sem þar er til staðar nýtist framhaldsfræðslukerfinu í heild. Með sama hætti gæti aðili eins og Starfsmennt tekið að sér þróunarhlutverk á sviði útivistunar fræðsluverkefna, með það að markmiði að kanna hvort að unnt sé að auka sveigjanleika kerfisins með því að draga fleiri aðila að menntun markhópsins.

Æskilegt er að við frekari þróun framhaldsfræðslukerfisins verði allir hagsmunaaðilar dregnir að borðinu og múrar milli aðila lækkaðir þar sem þeir eru til staðar enda hagsmunirnir þeir sömu. Nánari tillaga um fyrirkomulag slíks er að finna síðar í þessum kafla.

Mat á markmiði d:

- d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,**

Þarfir atvinnulífsins hafa verið metnar með ýmsum hætti af fræðsluaðilum, oft með samtali við starfsfólk og fyrirtæki á starfssvæði þeirra. Einnig hafa verið gerðar kannanir um þörf í einstökum greinum. Námsframboð og kennslufni hefur þannig verið aðlagð þeim upplýsingum sem fengust frá atvinnulífinu.

Önnur gögn benda einnig til þess að nokkur ánægja ríki með kerfið hvað varðar markmið d. og má þar nefna sérstaklega að mikill samhljómur er í þeim gögnum sem aflað var í viðtölum og á vinnustofum um að kerfið gangi vel, það mæti þörfum og löggjöfin sé að virka til þess að ná utan um viðfangsefnið.

Samhljómurinn nær einnig þvert á hópa sem rætt var við þ.e. fulltrúa fræðsluaðila annars vegar og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, FA og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hins vegar.

Til þess að leggja frekara mat á það með hvaða hætti þessar þarfir hafa verið uppfylltar væri unnt að framkvæma könnun þar sem fulltrúar fyrirtækja væru spurðir um afstöðu þeirra til framhaldsfræðslukerfisins eins og það er í dag og hvort það sé að mæta þörfum atvinnulífsins með þeim hætti sem stefnt var að. Einnig væri gott að afla samhliða upplýsinga um það hversu vel atvinnulífið þekkti til kerfisins og þær upplýsingar væri m.a. unnt að nýta til að efla og bæta markaðssetningu og kynningarstarf.

Mat á markmiði e:

- e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,**

Fram kom í viðtölum og í kynningarefni framhaldsfræðslunnar að talsvert er gert til að koma til móts við þarfir nemenda sem glíma við námsörðugleika s.s. les- eða skrifblindu og þannig stutt við þetta markmið laganna.

Má þar til dæmis nefna námsframboð eins og menntastoðir og samvinnu fræðsluaðila við framhaldsskólastigið um þróun sérsniðinna áfanga í framhaldsskólum þar sem t.d. er tekið tillit til takmarkaðrar bóklegar færni námsmanna. Fram komu nokkur dæmi um góða reynslu af samspili framhaldsfræðslunnar og framhaldsskólakerfisins hvað varðar nemendur með námsörðugleika, sérstaklega hvað varðar áfanga í erlendum tungumálum í tengslum við raunfærnimat.

Gera má ráð fyrir því að til framtíðar litið skipti máli varðandi markmið e. að efla ráðgjöfina enn frekar og skoða nánar samspil hennar við aðra þætti framhaldsfræðslukerfisins og hvernig ólíkir þættir starfseminnar geti orðið til þess að bæta stöðu þeirra sem glíma við námsörðugleika og eru í markhópi framhaldsfræðslukerfisins. Í því felst ekki gagnrýni á núverandi skipan heldur er þetta ábending um hvernig verði unnt að þróa þennan þátt til framtíðar litið. Hér sem víðar skiptir miklu máli að framhaldsskólastigið og framhaldsfræðslukerfið vinni vel saman. Mikilvægt er að byggja upp frekari þróun út frá þeim góðu dæmum sem eru til staðar, um samstarf sem skilar einstaklingum með námsörðugleika í gegnum nám sem mætir þörfum hvers og eins, fullnægir kröfum menntakerfisins og þörfum atvinnulífsins fyrir menntað vinnuafli.

Mat á markmiðum f og g:

- f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum,

Í samtölum við fræðsluaðila kemur fram að víða hefur náðst formlegt samstarf milli framhaldsskóla og einstaka fræðsluaðila um það hvaða nám er metið og hvernig. Því eru til staðar dæmi um sterkt samstarf og hnökralaus samskipti um mat úr framhaldsfræðslunni yfir í formlega framhaldsskóla- og háskólakerfið.

Þetta er hins vegar ekki reynslan allstaðar og hver framhaldsskóli fyrir sig metur nám einstaklinga sjálfstætt eins og staðan er í dag. Þetta hefur þýtt að sama nám, sem kennt er eftir sömu námsskrá, er ekki metið eins hjá öllum framhaldsskólum landsins. Gera má ráð fyrir því að það geti auðveldað hluta nemenda að setja sér persónuleg markmið þegar þekkt er hvernig farið er með mat á námi þeirra og hæfni í formlega menntakerfinu. Því má gagnálykta sem svo að þegar ekki liggur fyrir við upphaf náms hvernig farið verði með mat inn í framhaldsskóla þá geti það veikt markmiðasetninguna og hugsanlega dregið úr líkum á árangri.

Loks má benda á að þegar ekki er í gildi almenn regla um mat á milli kerfa getur það valdið nemendum óþægindum og skapað óþarfa óvissu. Það álit hefur komið fram að framhaldsfræðslukerfið þurfi í raun að vera óformlegt kerfi þegar það laðar nemendur til sín og helst ekki að bera einkenni skóla, en við námslok þarf kerfið að virka eins og skóli og skila nemendum vottuðu einingarbæru námi sem opni sem flestar dyr. Flestir fræðsluaðilar kalla því eftir formlegum samræmdum reglum um mat á námi á milli kerfa.

Lagt er til að ráðuneytið hefji vinnu við að útfæra í samvinnu við framhaldsskóla, háskóla, FA og fulltrúa fræðsluaðila úrbætur á þessu sviði. Segja má að raunfærnimatshluti framhaldsfræðslukerfisins svari að öllu leyti markmiði g. liðar 2. gr. laganna, en raunfærnimatið er bundið við iðn- og verkgreinar og fræðsluaðilar kalla eftir sambærilegum aðferðum til að meta aðra þekkingu.

Mat á markmiði h:

- h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að vera fimmta stoð menntakerfisins þ.e. hið óformlega menntakerfi við hlið leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Að vissu marki hefur það gengið eftir þar sem nú er til staðar kerfi sem innritar og brautskráir nemendur og hluti þeirra heldur áfram í frekara námi. Aðrir nemendur láta staðar numið og láta sér nægja það nám sem fékkst úr kerfinu en eiga þess kost að taka upp þráðinn síðar reynist fyrir því áhugi. Á hinn bóginn er ekki til staðar samræmt eða miðlægt mat á framgangi nemenda í kjölfar náms innan framhaldsfræðslukerfisins eins og áður hefur verið bent á. Þá er æskilegt að einnig verði litið til þess fræðslustarfs sem á sér stað innan fyrirtækja og tilheyrir hvorki framhaldsskólum né framhaldsfræðslukerfinu eins og það er skilgreint í dag.

Ítrekað kom fram á vinnustofum og í viðtölum það mat að almennt sé ekki litið á framhaldsfræðslukerfið sem fimmtu stoðina í menntakerfi landsins og kom það álit fram jafnt hjá fræðsluaðilum og fulltrúum aðila

vinnumarkaðarins. Lagt er til að hafin verði vinna við að skapa sátt og skilning á því að framhaldsfræðsluferfið sé meginhluti fimmtu stoðar menntakerfisins og að kerfið verði tekið inn í vinnu við að stigsetja allt nám.

9. Það er í samræmi við lögin og útfærslu á dreifingu fjármuna að halda þarf utan um framvindu í námi, námsárangur og aðra nemendatölfræði. Þessi gögn eru síðan nýtt til þess að byggja undir ráðstöfun fjármuna samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma. Í samtölum úttektaaðila við fulltrúa símenntunarmiðstöðva kom fram að MySchool væri til trafala við að halda utan um nemendatölfræði og að það færi mikil vinna í „handavinnu“ við að tína upplýsingar úr kerfinu. Enginn fulltrúi eigenda nefndi kerfið, nema þá í framhjálaupi. Það er ekki gott að MySchool nýtist ekki fræðsluaðilunum við að halda utan um sína tölfræði, heldur leiði til tvíverknaðar þar sem aðilar eru annars vegar að halda eigin tölfræði í Excel en fylla síðan inn í MySchool til að standa skil á sínu gagnvart FA. Nauðsynlegt er að finna kerfi sem svarar þörfum ólíkra aðila án tvíverknaðar, óþarfa handavinnu og tilheyrandi villuhættu.
10. Þrátt fyrir að kerfið í heild sinni sé að skila árangri telja margir að það sé ekki nægjanlega vel kynnt fyrir bæði atvinnurekendum og markhópunum. Nokkuð margir voru á þeirri skoðun að framhaldsfræðslan væri ekki þekkt sem fimmta stoð menntakerfisins en viðmælendur voru ekki með afgerandi tillögur um með hvaða hætti væri best að koma kerfinu á framfæri. Nokkrir ræddu um að eftir ætti að ákveða hvort markaðssetja skuli framhaldsfræðsluna sem eina heild eða hvort réttara væri að hver eining kæmi sér sjálfstætt á framfæri. Í samhengi við markaðsmál komu og fram ábendingar um greiningu á markhópum kerfisins og með hvaða hætti væri best að nálgast þá hópa. Nokkrum stefnumarkandi spurningum um kynningu á kerfinu er enn ósvarað svo sem undir hvaða merkjum á að kynna kerfið, hversu miðlægt á kynningarstarf að vera og er rétt eða rangt að kynna kerfið sem staka fræðsluaðila eða kerfið í heild. Til að svara þessum spurningum og fleirum er lagt til að farið verði í sameiginlega vinnu aðila við markaðssetningu og kynningu á fimmtu stoðinni.
11. Samskipti ólíkra aðila í kerfinu um faglega þætti eru í mjög góðu horfi. Fræðsluaðilar telja hins vegar að það gæti aukinnar miðlægni og skrifinnsku sem íþyngi starfinu og dragi úr getu þess til að mæta þörfum hratt – dæmi um slíkt væri hugmynd um nýja námsskrá sem þarf fyrst að þróa, hljóta staðfestingu og loks fjármögnun. En ferlið getur hæglega tekið 2-3 ár og loks þá tekur við keyrsla á námsskránni. Einnig var rætt um að sameiginlegir fundir þurfi að vera fleiri og að meira jafnræði milli aðila ríki á þeim fundum. Fram kom að FA eru mjög góð í að svara hratt og örugglega öllum fyrirspurnum, en fundir FA með öllum fræðsluaðilum eru fáir og fræðsluaðilar telja að þeir ættu í eðli sínu að vera samtals- og umræðufundir en hafa að mati fræðsluaðila þróað í einhliða upplýsingafundi. Rétt væri að kanna tilurð og gagnsemi funda og tryggja að þátttakendur séu upplýstir með góðum fyrirvara um fundarefni og þeim jafnframt gefin kostur á að hafa áhrif á dagskrá.
12. Þeir fjármunir sem varið er til framhaldsfræðsluferfisins eru alls um 7.500 m.kr. frá árinu 2009 að meðtöldum áformuðum fjárveitingum ársins 2014 samkvæmt fjárlögum þess árs. Þannig hefur verulegu fjárhagslegu afli verið beitt inn í framhaldsfræðsluferfið, þegar litið er til tölfræði nemendaskráningar og mats hagsmunaaðila á starfinu má færa fyrir því sterk rök að til sé orðið kerfi sem getur haft þau áhrif að „breyta lífi þátttakenda“. Í könnun sem var gerð meðal þjónustuþega framhaldsfræðsluferfisins kemur þannig fram að meirihluti þátttakenda telur ráðgjöf og þátttöku í námsleið hafa haft bæði jákvæð áhrif á líf sitt og aukið sjálfstraust. Þegar svarendur voru spurðir hvort þeir væru tilbúnir til að mæla með kerfinu (á 10 punkta kvarða) komu fram eftirfarandi meðaltöl, námsleið (8,1), ráðgjöf (7,4) og raunfærnimat (8,8). Möguleg skýring á lægri einkunn fyrir ráðgjöf, kann að vera að hluti ráðþega sækir sér ráðgjöf til að mæta kröfum þriðja aðila og er þar með ekki að sækja sér ráðgjöf af eigin frumkvæði. Í þessu samhengi má því segja að til staðar sé skilvirkt kerfi til þess að meta þarfir og koma til móts við þær. Til framtíðar litið eru hins vegar til staðar tækifæri til þess að efla samtal ólíkra aðila í kerfinu og frekari einföldun þess yrði til þess fallin að auka skilvirkni að mati úttektaaðila. Skilvirkni kerfisins mætti bæta með skipulagðari markaðssetningu, mati á námi á milli kerfa og betra kerfi til utanumhalds.
13. Eins og áður hefur verið bent á þá er framhaldsfræðsluferfið enn í þróun sem er ekki óvenjulegt enda unnt að leggja ólíkar áherslur eftir tímabilum t.d. í gegnum úthlutunarreglur Fræðslusjóðs. Hluti viðmælenda kallaði eftir því að sá fjölbreytti hópur sem vinnur að framhaldsfræðslu á Íslandi fari í sameiningu í hugmynda-, þróunar- eða stefnumótunarvinnu til að móta heildarsýn og aðkomu að viðfangsefninu.

Æskilegt er að aðilar setjist niður á næstu misserum og móti í sameiningu framtíðarsýn og helstu verkefni sem vinna þarf að til þess að gera framhaldsfræðsluna að raunverulegri fimmtu stoð menntakerfis landsins. Við þá vinnu væri unnt að líta betur til samspils framhaldsfræðslunnar og aðgerða sem hafa bein áhrif á brottfall í framhaldsskólum, aðgerða til að auðvelda einstaklingum að hefja nám í framhaldsskóla um leið og þeir ljúka grunnskóla, almennra aðgerða til eflingar starfsnáms og fjölgun styttri námsbrauta á framhaldsskólástigi. Framhaldsfræðslan gæti því til framtíðar litið verið meira öyggisnet eða viðbragð við ákveðnum aðstæðum. Slík stefnumótunarvinna er til þess fallin að taka heildstæðar á viðfangsefninu og gæti orðið til þess að einfalda og brjóta upp núverandi kerfi í færri og öflugri starfseiningar. Ekki er unnt að hefja svona vinnu nema tryggt sé í upphafi að allir aðilar séu tilbúnir, byggt á greiningu og svo þeirri framtíðarsýn sem af henni leiðir, til að gera breytingar á virkni og þar með uppbyggingu kerfisins.

Nokkur gagnrýni kom fram á notkun mælikvarðans brottfall við að leggja mat á árangur. Tilgangur kerfisins er skv. lögnum að „...efla menntunarstig í landinu...“ en ekki að draga úr brottfalli. Í yfirlýsingu hagsmunaaðila kerfisins frá árinu 2010 kemur fram að markmiðið með kerfinu er að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Rétt er að skoða hvort skynsamlegt sé að þróa mælikvarða sem mældi menntunarstig beint til dæmis sem hluti af vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar í stað þess að styðjast við óbeinan mælikvarða, þ.e. brottfall. Nokkrir ræddu einnig að hægt væri að hafa áhrif á stöðu markmiðsins með því að fjölga eða víkka út skilgreiningu á viðurkenndu námi. Eins kom fram að brottfall úr námi byrjar í grunnskóla og nauðsynlegt er að gefa þeim þætti meira vægi til að hámarka menntunarstig á vinnumarkaði.

14. Fullrúar fræðsluaðila ræddu nokkuð um að úthlutunarreglur Fræðslusjóðs væru ógagnsæjar og óljósar og kynning þeirra hefði mátt vera meiri og ítarlegri. Nefnd voru dæmi tengd fjárhagslegu uppgjöri vegna framkvæmdar verkefna ársins 2013 sem virtist koma hluta fræðsluaðila á óvart. Ekki urðu eftirmálar af því máli enda voru fjárhæðir ýmist til hækkunar eða lækkunar og til lengri tíma skiptir slíkt því ekki öllu máli. Hins vegar var þetta tekið sem dæmi af nokkrum aðilum um æskilegar úrbætur í kynningar- og samskiptamálum milli FA, Fræðslusjóðs og fræðsluaðila. Þessir atburðir verða ekki til þess að veikja faglegt samstarf aðila en truflar starfsemina og skapar óþarfa vinnu og álag, sérstaklega fyrir minni fræðsluaðila.
15. Í lögum um framhaldsfræðslu og framkvæmd þeirra er einkum litið til þeirra einstaklinga sem eru á vinnumarkaði og hafa stutta skólagöngu að baki. Ekki verður hins vegar ráðið af ákvæðum laganna að aðrir hópar eigi ekki að geta fallið undir lögin og þar með fjármögnun frá Fræðslusjóði enda mæti þeir viðmiðum um litla menntun. Þannig gæti hin æskilega framkvæmd orðið sú að framhaldsfræðslukerfið taki til allra þeirra sem hafa stutta skólagöngu að baki, hvort sem þeir eru á vinnumarkaði eða ekki. Gera má ráð fyrir því að smávægileg breyting í þessa átt hefði ekki mikil áhrif á heildarútgjöld en að þessi breyting gæti skipt mjög miklu máli fyrir viðkomandi einstaklinga um leið og aðgengi fyrirtækja að menntuðu vinnuafla gæti aukist. Unnt væri að taka á þessu viðfangsefni í gegnum breytingar á úthlutunarreglum Fræðslusjóðs.

Framhaldsfræðslukerfið

Lög um almenna fullorðinsfræðslu á verksviði menntamálaráðuneytisins voru fyrst sett árið 1992. Þau voru felld úr gildi árið 1996 en þess í stað tekin upp heimild í lögum um framhaldsskóla fyrir rekstri öldungadeilda, endurmenntunarnámskeiða og samstarfi framhaldsskóla um fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Árið 1992 voru einnig sett lög um starfmenntun í atvinnulífinu en samkvæmt þeim heyrði starfmenntun í atvinnulífinu undir félagsmálaráðuneytið en starfsfræðsla í fiskvinnslu undir sjávarútvegsráðuneytið. Framhaldsfræðslukerfið í núverandi mynd starfar samkvæmt lögum 27/2010 en meginmarkmið þeirra er að:

- Veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar skólagöngu í samfélaginu.
- Veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju.
- Gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti.
- Skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna.
- Veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku. Framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni.
- Afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis.
- Stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum.
- Efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Lögin voru samþykkt í mars 2010 og er árið 2011 því fyrsta heila starfsárið sem að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins starfar á grundvelli þeirra. Það sama ár tók gildi nýr þjónustusamningur miðstöðvarinnar og ráðuneytisins til fimm ára og á grundvelli nýrra laga varð töluverð útvíkkun á starfsemi.

Lög 19/1992 um starfmenntun úr atvinnulífinu féllu jafnframt úr gildi með samþykkt laga um fullorðinsfræðslu og fjármunir sem áður runnu til starfsmenntasjóðs og starfsfræðslu í fiskvinnslu hafa verið nýttir undir formerkjum fullorðinsfræðslu.

Fræðslusjóður

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast á grundvelli samnings alla umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Auglýsa skal eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald.

Stjórn Fræðslusjóðs er heimilt að veita fræðsluaðilum sem njóta framlaga úr sjóðnum vilýrði um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Stjórn Fræðslusjóðs skal setja sérstaka skilmála um fjárframlög til fræðsluaðila og annarra sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði sem skulu hljóta staðfestingu ráðherra.

Próunarsjóður framhaldsfræðslu starfar innan Fræðslusjóðs og hlutverk hans er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar þannig undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári en sérstök úthlutunarnefnd sinnir úthlutunum úr Próunarsjóðnum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð af ASÍ og SA árið 2002 með það að markmiði að vera vettvangur um bættu menntun og möguleika fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, innflytjendur og sambærilega hópa.

Fræðslumiðstöðin gerði fyrsta þjónustusamning sinn við menntamálaráðuneytið á miðju ári 2003 og gildi hann út árið 2006. Í byrjun ársins 2006 var undirritaður nýr þjónustusamningur við ráðuneytið sem gildi út árið 2009. Í þeim samningi er fræðsluaðilum gert kleift að bjóða upp á vottaðar námsleiðir og náms- og starfsráðgjöf með framlagi frá FA. Viðaukasamningur var gerður í ársbyrjun 2007 sem gerði fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat með framlagi frá FA. Í október 2009 var gerður þjónustusamningur sem gildi einungis fyrir árið 2010.

Á aðalfundi Fræðslumiðstöðvarinnar í maí 2010 var staðfest aðkoma opinberra aðila á vinnumarkaði að FA ásamt nýjum samþykktum fyrir starfsemina. Miðstöðin er í dag einkahlutafélag í eigu ASÍ, SA, BSRB, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í nóvember 2010 var undirritaður nýr samningur til fimm ára um starfsemi FA sem endurspeglar breytingar á árinu, annars vegar aðkomu nýrra aðila að Fræðslumiðstöðinni og hins vegar ný lög um framhaldsfræðslu. Við breytinguna færðist úthlutun fjár til fræðsluaðila yfir til Fræðslusjóðs. Frá árinu 2010 hefur verkefnum fjölgað verulega bæði hjá Fræðslumiðstöðinni og símenntunarmiðstöðvum.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar hefur frá upphafi verið að vera samstarfsvettvangur um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðila vinnumarkaðarins. Út frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur byggst upp viðamikil kerfi fullorðinsfræðslu, m.a. í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar hefur verið unnið að því að skilgreina menntunarfærni fólks á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki, vinna að námsskrárgerð og vottun þeirra, þróa mat á óformlegu námi og raunfærni og þróa aðferðir í náms- og starfsráðgjöf. Enn fremur er Fræðslumiðstöðin umsýsluaðili Fræðslusjóðs.

Megináherslur og verkefni FA á árunum 2010-2012

Samstarfsvettvangur

Samstarf hófst við BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið og undirrituð var yfirlýsing um að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Undir yfirlýsingu skrifuðu fulltrúar ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt fjármálaráðherra og menntamálaráðherra.

FA gerði þjónustusamninga við alla samstarfsaðila til eins árs vegna starfseminnar 2010 og aftur vegna starfseminnar 2011. Árið 2012 gerði miðstöðin samninga til fjögurra ára eða út árið 2015.

Námsskrár og námslýsingar

FA vann við 17 nýjar námsskrár á tímabilinu. Gerðar voru 9 námslýsingar fyrir smiðjur, sem eru birtar á vef FA, en þær byggja á námsskránni Opin smiðja. Unnið var að hönnun námsskráa með nokkrum samstarfsaðilum, sem ekki hafa enn verið vottaðar. Þar má telja nám í ferðaþjónustu, verslunarstörfum, meðferð matvæla, Grunnstoðir og nám fyrir fatlaða á vegum Fjölmennar.

Verklagi var breytt vegna mats á námsskrám á tímabilinu, en tveir fundir voru haldnir í matsnefnd MRN árið 2010. FA hefur síðan sent námsskrár beint til MRN og hafa þær fengið tilraunavottun til eins árs í senn. Sú vottun hefur verið endurnýjuð árlega að undangenginni könnun hjá fræðsluaðilum á notagildi námsskráanna.

FA hefur unnið að þróun hæfniramma undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hóf vinnu við þróun námsskrárgrunna fyrir framhaldsfræðsluna. Seinkun hefur verið á þessari vinnu, sem hefur tafið endurskoðun og nýsmíði námsskráa. Þó hefur verið unnið að breyttu verklagi við skrif nýrra námsskráa og útgefina námsskráa með hliðsjón af evrópskum/íslenskum hæfniramma síðan árið 2011. Einnig hefur miðstöðin unnið að kynningu á þrepaskiptu námi á fundum með samstarfsaðilum og mótað var nýtt Stiklunámskeið í þessu skyni en þar er fjallað um þrepaskipt nám og skrif námsskráa.

Vinna hófst við endurskoðun og endurmat á nokkrum útgefnum námsskrám þar á meðal Grunnmenntaskólanum og Skrifstofuskólanum. Á grundvelli þessarar endurskoðunar var gefin út ný námsskrá Skrifstofuskólans í samstarfi við NTV, en endurskoðun Grunnmenntaskólans er ekki lokið.

Í tengslum við nýtt verklag FA við skrif námsskráa hefur miðstöðin unnið handbók fyrir leiðbeinendur og einnig hafa verið þýddar námslýsingar um grunnleikni úr norsku.

Nokkuð starf hefur verið unnið af hálfu FA við að forgangsraða nýsmíði og endurskoðun námsskráa á tímabilinu. Meðal annars hafa verið teknar upplýsingar út úr nemendabókhalda til að meta notkun námsskráa, könnun gerð meðal viðurkenndra fræðsluaðila og hjá aðilum vinnumarkaðarins. Einnig hefur verið unninn gátlisti í þessu skyni.

Skilgreining á menntunarþörfum markhópa

Markmið FA var að vinna með starfsgreinahópum úr atvinnulífinu að þróun og framboði á námi í framhaldsfræðslu á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Hugað hefur verið að endurskipulagningu og hönnun námsleiða út frá nýjum áherslum í þeim tilgangi að auka gegnsæi og samfellu í námi sem leiðir til skilgreindra námsloka. Þarfagreiningar hefur þurft að aðlaga að þrepaskiptu námi og hæfniramma.

Unnið hefur verið að því af hálfu FA að leita eftir hagkvæmri og faglegri leið við færningreiningu sem getur orðið þungamiðjan í greiningu menntunarþarfa. Niðurstöður færningreininga verði þannig birtar á samræmdan, staðlaðan hátt til að þær nýtist við hönnun náms, ritun námslýsinga, til raunfærnimats og til að auðvelt verði að tengja viðmiðarammanum um ævinám.

Unnið hefur verið að því að leggja grunn að skipulagi heildstæðs náms innan framhaldsfræðslunnar með skilgreindum námslokum.

Stofnað var til tilraunaverkefnis í samstarfi við SAF og SGS með það að markmiði að vinna að heildstæðu námi fyrir almenna starfsmenn í ferðapjónustu. Þeirri vinnu hefur seinkað vegna neikvæðra viðbragða í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina við niðurstöðum úr færningreiningu FA.

Unnið var að könnun á því hvort þrepaskiptar færningreiningar HRSG í Kanada væru heppilegar fyrir starfsemina og voru þær notaðar í tilraunaverkefni í ferðapjónustu og við starfa- og færningreiningu. Tekin var ákvörðun um að halda áfram að nota og þróa aðferðir og gögn frá HRSG og keyptur var aðgangur að CompetencyCore, rafrænum gagnagrunni í eigu HRSG.

Styrkir fengust frá ráðuneytinu til sjö verkefna í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur“ og hófust þau flest haustið 2012.

Fræðslusjóður

Markmið FA gagnvart Fræðslusjóði er að þjónusta sjóðinn og stjórn hans. Gera áætlanir, verkferla, samninga og greiða út fé eftir ákvörðunum stjórnar Fræðslusjóðs og halda utan um málefni hans.

Starfsmenn FA undirbjuggu og þjónustuðu 19 fundi stjórnar Fræðslusjóðs á árunum 2010-2012. Þjónustusamningar voru gerðir við alla viðurkennda fræðsluaðila til árs í senn árin 2010 og 2011 og til fjögurra ára frá og með árinu 2012. Samningar eru gerðir við alla sem fá úthlutað úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Viðaukasamningar voru gerðir árlega við þá sem fengu fjármagn til vottaðra námsleiða, raunfærnimats og

náms- og starfsráðgjafar. Farið var yfir framvindu hjá fræðsluaðilum og samningar lagaðir að breytingum, greiðslur voru framkvæmdar eftir því sem samningar gerðu ráð fyrir.

Unnið var að uppgjörum, gerð ársskýrslu, ársreikninga og öðrum tilfallandi verkefnum.

Unnið er að gerð úthlutunarreglna og skilmála árlega.

Safnað er saman upplýsingum um framvindu verkefna með reglulegum hætti og stjórn Fræðslusjóðs upplýst um stöðuna.

Raunfærnimat

Markmið FA er að vinna að áframhaldandi þróun raunfærnimats í fleiri greinum, bæði á móti námskrám og viðmiðum atvinnulífsins. Tryggja gæði og að aðferðafræði sé fylgt í þeim starfsgreinum þar sem raunfærnimat er þegar í gangi og stýra innleiðingu í nýjum greinum. Áhersla er á að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimat ásamt því að halda áfram þjálfun fagfólks.

Vinna við raunfærnimat var hafin eða undirbúin á átta nýjum sviðum á árinu 2010. Árið 2011 vann Fræðslumiðstöðin að verkefnalýsingu vegna aðlögunarstyrkja Evrópusambandsins og var skrifað undir samning um styrk að 1,87 milljónir evra um mitt ár 2012. Verkefnið ber heitið „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“ og hófst þann 1. september árið 2012. Helstu þættir varða uppbyggingu raunfærnimatskerfis og veggáttar um nám og störf. Jafnframt er byggt á greiningum á þörfum vinnumarkaðar fyrir þekkingu. Markmið verkefnisins er að til verði raunfærnimat á móti 40 námsskrám, 6 viðmiðum um störf og á móti atvinnuhæfni.

Unnið var með hagsmunaaðilum að framkvæmd raunfærnimatsverkefna og að nýjum verkefnum. Þá voru einnig haldnir fundir með hagsmunasamtökum þar sem raunfærnimat var kynnt.

FA annast þjálfun matsaðila í raunfærnimati. 11 námskeið voru haldin á tímabilinu. Auk þess var undirbúinn vinnudagur fyrir matsaðila með reynslu og haldinn vinnudagur fyrir verkefnastjóra í raunfærnimati fyrir 26 starfsmenn frá öllum fræðsluaðilum.

Unnir voru gátlistar fyrir verkefnisstjóra, fagaðila og ráðgjafa og útbúinn kafli sem snertir lög og reglugerðir inn í Leiðarvísi fyrir matsaðila.

Unnið var í erlendu samstarfi að REVOW verkefninu, ValdiAID, NORDPLUS verkefni og í norræna sérfræðinganetinu um raunfærni á vegum NVL. Á vegum sérfræðingansins var haldin norræn ráðstefna á Íslandi árið 2012 um gæði í raunfærnimati.

Unnið hefur verið að gerð nemendabókhalds/gagnagrunns vegna skráningar á niðurstöðum raunfærnimats.

Náms- og starfsráðgjöf

Markmið FA er að efla sérfræðipekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

Náms- og starfsráðgjöf var starfrækt hjá öllum símenntunarmiðstöðvum (nema Framvegis) og hjá lðunni og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins á tímabilinu. Árið 2011 bættist Starfsmennt í hóp þeirra aðila sem bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Fjöldi viðtala er á bilinu 10-11 þúsund á ári. Notendur þjónustunnar eru bæði starfandi og í atvinnuleit.

Tíu samráðsfundir með náms- og starfsráðgjöfum voru haldnir á tímabilinu, þar af tveir fundir sem stóðu yfir í tvo daga, en á þeim var unnið að þróun þjónustunnar. Unnið var að þjónustukönnun fyrir notendur,

gæðavottun ráðgjafarinnar hefur verið í vinnslu, en markmiðið er að bæta henni inn í EQM gæðakerfið, sem FA hefur komið á fót með úttektum hjá BSI.

Unnið hefur verið að þróun ráðgjafar- og upplýsingakerfis með upplýsingum um störf og nám í samstarfi við SAENS. Á árinu 2011 var slíku kerfi lýst í verkefnalýsingu vegna aðlögunarstyrkja Evrópusambandsins og var skrifað undir samning um styrk að 1,87 milljónum evra um mitt ár 2012. Verkefnið ber heitið „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“ og hófst þann 1. september árið 2012. Helstu þættir varða uppbyggingu raunfærnimatskerfis og vefgáttar um nám og störf.

Unnið var í erlendu samstarfi í sérfræðinganeti NVL um náms- og starfsráðgjöf.

FA tekur á móti nemum í vettvangsnám frá námsbraut um náms- og starfsráðgjöf hjá HÍ og miðlar þannig upplýsingum um starfsemina inn í námi í Háskóla Íslands.

Kennslufræðimiðstöð - Þróun aðferða í framhaldsfræðslu.

Markmið FA er að efla framhaldsfræðslu og gæði hennar með því að kynna og veita ráðgjöf um árangursríkar leiðir og nýjar áherslur í kennslufræðum og með þjálfun fagfólks í framhaldsfræðslu.

Kennslufræðimiðstöð lagði áherslu á að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum og vinna að þróun námstækni og kennsluaðferða sem hæfa markhópi FA. Stiklunámskeið voru þróuð áfram og voru orðin alls 20 í lok árs 2012. Á tímabilinu 2010-2012 voru sjö ný námskeið þróuð á vegum FA.

Haldin voru alls 38 námskeið fyrir leiðbeinendur fyrir 483 einstaklinga á tímabilinu, nemendastundir voru alls 4.717.

Unnið var að þróunarverkefnum bæði innanlands og í erlendu samstarfi, m.a. var unnið í samvinnu við fræðsluaðila að verkefnum sem nýtast við að byggja upp kennslufræði verkkenndu og í þróun á matsaðferðum. Einnig var unnið að verkefni um markþjálfun og notkun Mobile tækni við kennslu.

Unnið var að handbók fyrir leiðbeinendur í vottuðum námsleiðum. Haldið var áfram að byggja upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum

Markmiðið er að innleiða EQM gæðakerfið og nota til gæðavottunar vegna viðurkenningar fræðsluaðila. Einnig að vinna viðmið fyrir náms- og starfsráðgjöf og síðar raunfærnimat inn í kerfið ásamt öðrum þáttum í starfsemi fræðsluaðila. Þá er það markmið FA að vinna að gæðamálum sem efla starfið í erlendu samstarfi.

Á þessum árum hefur EQM gæðakerfið verið innleitt í framhaldsfræðslu. Árið 2010 var veittur stuðningur við fræðsluaðila sem unnu að innleiðingu sjálfsmats EQM og það kynnt fyrir fræðsluaðilum. Samið var til þriggja ára við BSI á Íslandi um úttektir vegna gæðavottunar fræðsluaðila. BSI vottunarstofa hafði í árslok framkvæmt eina úttekt hjá 11 af 12 fræðsluaðilum, sem sótt höfðu um EQM vottun. Fimm af þeim hlutu vottun 2012.

FA var falið að leiða evrópskt samstarfsverkefni um þróun EQM innan óformlega menntakerfisins í Evrópu.

Miðlun upplýsinga á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt ársrit um framhaldsfræðslu er gefið út árlega í tengslum við ársfund miðstöðvarinnar. Ársfundur er haldinn um efni sem eru efst á baugi í framhaldsfræðslunni hverju sinni.

Vefur FA er uppfærður reglulega og vefnum Menntatorg.is er haldið við.

Gefnir eru út kynningarbæklingar um námsskrár og þeir endurprentaðir eftir þörfum. Námsskrár hafa einnig verið endurprentaðar eftir þörfum. Gefinn var auk þess út kynningarbæklingur um FA á íslensku og ensku.

FA hefur tekið þátt í fjölmörgum ráðstefnum og fundum á hverju ári og miðlað upplýsingum um starfsemina í framhaldsfræðslu bæði innan lands og utan.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Markmið FA er að fylgjast með þróun og framvindu starfsins hjá fræðsluaðilum, túlka upplýsingar og gera skýrslur fyrir stjórnir Fræðslusjóðs og FA. Miðla þessum upplýsingum áfram innanlands og utan eftir því sem tilefni gefst til.

Árangur í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati hefur verið tekinn saman minnst tvisvar á ári og ársskýrsla fyrir Fræðslusjóð (áður FA) unnin upp úr tölunum.

Reglulegar upplýsingar hafa verið veittar til starfsmanna og hagsmunaaðila um framgang starfsins á grundvelli þeirra upplýsinga sem fræðsluaðilar skila inn til FA. Tölur úr starfinu voru kynntar í stjórn Fræðslusjóðs árlega og settar á heimasíðu FA með reglulegum hætti.

Upplýsingum frá fræðsluaðilum hefur verið safnað saman og niðurstöður bornar saman við þjónustusamninga.

Upplýsingar frá Hagstofu voru unnar og túlkaðar með tilliti til þess hluta markhóps FA sem á sér ekki öfluga málsvara. Gögn voru m.a. nýtt til greinaskrifa í ársritinu Gátt.

Öflun upplýsinga um markhóp

Markmiðið er að afla upplýsinga um markhópa starfseinnar og greina hvaða úrræða er þörf í samstarfi við fræðsluaðila og hagsmunaaðila. Fylgjast með opinberum upplýsingum um markhópinn hérlendis og erlendis, m.a. til að meta stöðu í samanburði við aðrar þjóðir.

Fylgst var með upplýsingum frá Hagstofu, OECD, CEDEFOP og Vinnumálastofnun og þær túlkaðar.

Fylgst var með upplýsingum um þróun atvinnuleysis, fjölda innflytjenda og jaðarhópa sem falla undir lög um framhaldsfræðslu

Upplýsingum var komið á framfæri í greinum í ársriti og á heimasíðu

Nemendabókhald

Markmiðið er að aðlaga og þróa MySchool á grundvelli framhaldsfræðslu og veita einstaklingum aðgang að upplýsingum um eigin námsferil í gegnum Skinnu eða beint verði Skinna ekki að veruleika.

Unnið var að margvíslegri þróun nemendabókhaldsins og úrbótum á því eftir því sem hægt var.

Nemendur skráðir í Nemendabókhaldið fengu aðgang að upplýsingum um námsferil sinn. Ekki tókst að tengja við Skinnu á tímabilinu.

Námsefnisgerð

Markmiðið er að sæta lagi og hefja námsefnisgerð með námsskrám FA við þau tækifæri sem gefast vegna fjármögnunar utan þjónustusamninga. Ekki hefur verið veitt fjármagn í þennan þátt á tímabilinu.

Unnið var að námskeiði um gerð námsefnis á grundvelli líkansins Mælistika.

Þróuð var ný námskeiðseining sem hjálpartæki fyrir þá sem leita ráða um námsefnisgerð.

Veitt var margvísleg ráðgjöf og leiðbeiningar.

Nýir hópar í framhaldsfræðslu

Markmið samkvæmt samningi er að nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar.

Viðræður áttu sér stað við Fjölmenn um samstarf á nokkrum sviðum. Samstarf hófst við Fjölmenn og m.a. var unnið að námsbraut um heilsuefingu. Ekki tókst þó að ná fram þeim samlegðaráhrifum sem upp var lagt með á tímabilinu.

Annað

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hlutaðist til um að FA tæki að sér að vista NVL á Íslandi fyrir Norrænu ráðherranefndina. Samningur um þetta verkefni er í gildi til loka ársins 2012. Nýr samningur er í undirbúningi. FA hefur haft forgöngu um færniþróunarverkefni á vegum NVL. Verkefnið var í gangi á árunum 2009-2012. Gefnar voru út tvær skýrslur; annars vegar skýrsla fræðimanna með lýsingu á 8 árangursþáttum og hins vegar hefti um atriðin átta, sem einkenna góð menntaverkefni og nýtast sem gátlisti fyrir alla þá sem koma að hönnun og fjármögnun menntaverkefna.

Símenntunarmiðstöðvar - fræðsluaðilar

Tíu hefðbundnar símenntunarmiðstöðvar, þekkingarnet og þekkingarsetur eru reknar í dag en flestar voru símenntunarmiðstöðvarnar stofnaðar á árunum 1998–2000. Þær eru Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða, Þekkingarsetur Þingeyinga, Austurbrú (áður Þekkingarnet Austurlands), Fræðslunet Suðurlands, Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Mímir – símenntun í Reykjavík.

Forverar margra þessara símenntunarmiðstöðva voru farskólar eða öldungadeildir, sem áður störfuðu á framhaldsskólastigi, ásamt því að standa fyrir námskeiðahaldi tengdu tómstundum og atvinnulífi. Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við þróun framhaldsfræðslu og raunfærnimats.

Áherslur í rekstri símenntunarmiðstöðvanna eru mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað en meginviðfangsefnin eru yfirleitt náms- og starfsráðgjöf auk námskeiðahalds fyrir fólk á vinnumarkaði, miðlun háskólakennslu fyrir fjarnema og ýmis tómstundanámskeið.

Iðan, Framvegis, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins og Starfsmenn hafa einnig veitt viðtöku fjármagni úr Fræðslusjóði.

Í heild hafa þannig 14 aðilar vottun sem fræðsluaðilar í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóð.

Samstarf um framhaldsfræðslu frá 2010

Í yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þeirra aðila sem standa á bak við FA sem undirrituð var í nóvember 2010 kom fram sameiginlegt markmið um að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020. Til að ná því markmiði yrði framhaldsfræðsla efl. Samkvæmt skoðun FA taldi markhópurinn árið 2009 um 34% vinnuafls á Íslandi. Jafnframt voru menn sammála um að tryggt verði að menntun og færni sem metin er innan framhaldsfræðslunnar verði viðurkennd innan framhaldsskólans og að þeir sem þess óska geti bætt við menntun sína án hindrana.

„Í ljósi góðrar reynslu af samstarfi [menntamálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um símenntun á íslenskum vinnumarkaði frá 2003] vilja aðilar starfa saman að því meginmarkmiði að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólk sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi,

innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild.“

Í þjónustusamningnum segir að meginmarkmiðið sé að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Frá árinu 2011 er sú starfsemi sem verið hafði fram að því hjá FA undir tveimur stjórnnum. Annars vegar stjórn FA og hins vegar stjórn Fræðslusjóðs en sú síðarnefnda deilir út fé til fræðsluaðila til vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats ásamt því að úthluta fé úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkefni starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar færðust til Fræðslusjóðs árið 2012. FA þjónustar stjórn Fræðslusjóðs.

Markmið laga um framhaldsfræðslu

Með lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu er framhaldsfræðsla formlega skilgreind sem ein af grunnstoðum menntakerfisins en áður en þau voru sett voru engin gildandi lög um framhaldsfræðslu í landinu. Er þeim ætlað að styrkja lagalegan grundvöll framhaldsfræðslustarfsemi og efla hana frekar.

Meginmarkmið frumvarpsins miða öll að því að skapa einstaklingum með stutta skólagöngu að baki tækifæri til menntunar með þverfaglegri fræðslu. Frumvarpinu er einnig ætlað að koma til móts við þarfir einstaklinga sem eru á vinnumarkaði en hafa litla formlega skólagöngu, jafnt til að skapa almennt aukin tækifæri til náms sem að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og ábyrgð. Með „litla formlega skólagöngu“ er vísun til einstaklinga sem ekki hafa lokið framhaldsnámi, jafnt þeirra sem ekki hafa hafið slíkt nám sem brottfallsnemenda.

Horft er til aukinnar þarfar atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu, færni og hæfni starfsmanna. Er það yfirlýst markmið laganna að innviðir framhaldsfræðslukerfisins nýtist ekki síður fyrirtækjum en starfsmönnum þeirra.

Tekið er mið af ójafnri stöðu og hæfni einstaklinga og lögð áhersla á að einstaklingar sem búið hafa við skert tækifæri til menntunar eða atvinnuþátttöku, svo sem vegna fötlunar, fái aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Viðurkenning á námi er sérstakt viðfangsefni laganna og markmið þeirra að nám sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla og háskólakerfis verði eins og unnt er einingabært í framhaldsskólum og geti verið metið sem hluti af námi á háskólastigi. Lögunum er sömuleiðis ætlað að stuðla að því að nám og ekki síður reynsla utan hins formlega skólakerfis verði metin, svokallað raunfærnimat, sem þó er takmarkað við löggiltar iðngreinar.

Loks er með lögunum sett hið almenna markmið að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi almennt og vísaði mennta- og menningarmálaráðherra í framsöguræðu sinni til þess að samkvæmt tölum OECD hefðu 31% Íslendinga ekki lokið formlegu námi utan skyldunáms árið 2005 eða nærri 45 þúsund Íslendingar.

Samstarfsyfirlýsing ráðuneyta, ASÍ, BSRB, SA og SÍS

Samstarfsyfirlýsing mennta- og menningarmálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Samtaka atvinnulífsins, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að efla samstarf til að auka menntunarstig íslensku þjóðarinnar var undirrituð 24. nóvember 2010.

Í yfirlýsingunni kemur fram það meginmarkmið að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og í samfélaginu sem heild. Þá þarf framhaldsfræðslan að greiða leið þeirra sem þurfa vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði á nýrri þekkingu og færni að halda.

Þá segir að með öflugri framhaldsfræðslu vilji aðilar þannig efla lýðræðislega þátttöku í samfélaginu og stuðla að jákvæðri byggðaþróun í landinu, stuðla að jafnrétti, auka félagslega aðlögun jaðarhópa, m.a. fatlaðra og innflytjenda að atvinnulífi og samfélaginu, auka læsi fullorðinna, efla íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur og auka starfstengda íslenskukennslu fyrir þá.

Þjónustusamningur við FA árið 2010

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerðu með sér þjónustusamning til fimm ára, sem undirritaður var 24. nóvember 2010. Í samningnum eru FA falin umsjón með fjórtán verkefnum:

- Semja námsskrár og námslýsingar og vinna að öðrum með þróun þeirra.
- Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans.
- Safna, varðveita og miðla upplýsingum í samstarfi við ráðuneytið og Hagstofu.
- Afla upplýsinga um markhópin og menntunarþarfir hans.
- Skilgreina menntunarþarfir hópsins í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.
- Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum til fagfólks.
- Tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess, og veita starfandi fagfólki þjálfun og endurgjöf.
- Hafa umsjón með þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin í samstarfi við fræðsluaðila og sérfræðinga hér á landi og erlendis og miðla þekkingu á því sviði til fagfólks.
- Efla gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða í samráði við ráðuneytið.
- Þróa og viðhalda nemendabókhalda í samstarfi við fræðsluaðila og mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem taka skal mið af mati á óformlegu námi og raunfærni.
- Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málaflokknum.
- Stuðla að aukinni námsefnisgerð fyrir framhaldsfræðslu og gefa höfundum og útgefendum á því sviði fagleg ráð.
- Undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.
- Annast önnur verkefni á vettvangi framhaldsfræðslu sem mennta- og menningarmálaráðuneyti kann að fela FA.

Samstarfssamningar við símenntunarstöðvar


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir árlega samninga við símenntunarmiðstöðvar um þjónustu. Sem dæmi um samning má nefna samning við SÍMEY þar sem stöðinni eru falin verkefni s.s.:

- að bjóða upp á vottaðar námsleiðir
- náms og starfsráðgjöf
- raunfærnimat
- þróunarverkefni

Meginmarkmiðið með verkefnunum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem hefur horfið frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Í myndinni hér að aftan er yfirlit yfir þá fræðsluaðila sem eru aðilar að Kvasi - samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.

Mynd 1. Yfirlit yfir fræðsluaðila innan Kvasi



Mímir-símenntun

Mímir – símenntun er fræðslufyrirtæki sem annast fyrst og fremst menntun fólks á vinnumarkaði sem hefur stutta skólagöngu að baki. Fyrirtækið er í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína í janúar 2003. Fastráðnir starfsmenn eru rúmlega 20 en auk þess eru yfir 100 kennarar og leiðbeinendur hjá Mími sem vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem annað mál og tungumálanámskeið.

Mímir er með aðstöðu á tveimur stöðum í Reykjavík. Annars vegar á Öldugötu 23 og hins vegar í Ofanleiti 2, en þar eru höfuðstöðvar og skrifstofa Mímis einnig til húsa.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Mímir- símenntun	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	13.000.000	13.400.000	14.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	180.557.978	184.046.160	193.259.984
c. Tekjur aðrar en a) og b)	194.592.566	151.708.226	135.504.559
d. Samtals	388.150.544	349.154.386	342.764.543
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	50,13%	43,45%	39,53%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 44,37% árin 2011-2013 en farið lækkandi.

Framvegis

Framvegis miðstöð símenntunar er sjálfstætt rekin fræðslu- og símenntunarmiðstöð í eigu BSRB, Sjúkraliðafélags Íslands og Promennt ehf. Miðstöðin starfar til almannaheilla á samfélagslegum grunni og er ekki rekin í hagnaðarskyni.

Framvegis var sett á fót árið 2001 í þeim tilgangi að koma til móts við sí- og endurmenntunarpörf starfsgreina sem Heilbrigðisskólinn í Fjölbraut í Ármúla útskrifaði.

Í dag eru megin verkefni Framvegis þrjú þætt og snúa að símenntun með áherslu á félags- og heilbrigðisstéttir, vottuðum námsleiðum fyrir fullorðin fólk sem hefur stutta formlega skólagöngu og þróunarverkefnum sem tengjast þessum sviðum. Með tilkomu aðildar BSRB að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2010 varð Framvegis einnig skilgreindur hlutaðeigandi aðili með leyfi til þess að sækja um að kenna vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar.

Framvegis miðstöð símenntunar vinnur að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og starfar samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun. Meginmarkmið miðstöðvarinnar er að bjóða vandað nám sem er hannað fyrir fullorðna námsmenn með stutta formlega skólagöngu að baki og auka þannig færni þeirra, þekkingu og veita þeim aukin tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Samkvæmt samþykktum miðstöðvarinnar skal tilgangur hennar vera að stuðla að framboði á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði og auka gæði fullorðins- og starfsmenntafræðslu.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011-2013 (á verðlagi hvers árs)			
Framvegis	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	13.000.000	13.000.000	14.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	3.670.000	13.210.000	14.100.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	44.305.753	32.439.835	49.709.743
d. Samtals	60.975.753	58.649.835	77.809.743
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	72,7%	55,3%	63,9%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 63,95% árin 2011-2013 en framlög frá Fræðslusjóði hafa aukist enda Framvegis nýr aðili inn í samstarfið.

Símenntunarmiðstöð Vesturlands

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi var stofnuð árið 1999. Stofnaðilar að Símenntunarmiðstöðinni eru 34 talsins, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

Markmiðið með starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag með endur- og símenntun sem tekur mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga. Sérstaklega skal stofnunin huga að þörfum íbúa á Vesturlandi í þessu sambandi

Hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar er að auka þekkingu og stuðla að bættum búsetuskilyrðum á Vesturlandi með því að greina og svara menntunarpörf á svæðinu og hvetja til símenntunar í samvinnu við atvinnulíf og íbúa svæðisins.

Þjónustusvæði miðstöðvarinnar er víðfeðmt og nær yfir Hvalfjörð, Akranes og nærsveitir, Borgarfjörð, Snæfellsnes, Dali og að hluta til Reykhólahrepp.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi rekur þrjár starfsstöðvar; á Akranesi, þar sem eru bæði námsaðstaða og skrifstofur; í Borgarnesi þar sem starfsemin hefur verið frá upphafi og loks er til staða aðstaða í Ólafsvík en

húsnæði fyrir kennslu er leigt eftir þörfum. Einnig er þar til staðar fjarfundarbúnaður sem nýtist bæði fyrir nemendur í háskólanámi og opnar möguleika á fjarnámskeiðum.

Símenntunarmiðstöðin er í mjög góðu samstarfi við fjölda aðila á svæðinu og vinnur markvisst að því að styrkja samstarfsnetið.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011-2013 (á verðlagi hvers árs)			
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	20.000.000	20.000.000	21.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	21.881.730	22.376.000	22.780.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	44.082.416	37.638.347	42.822.613
d. Samtals	85.964.146	80.014.347	86.602.613
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	51,28%	47,04%	49,45%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 49,26% árin 2011-2013 og ekki breyst mikið milli ára.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 1999. Markmið Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er að auðvelda íbúum á Vestfjörðum símenntun og þátttöku í námi af ýmsu tagi í formi styttri almennra námskeiða, endurmenntunarnámskeiða og starfstengdra námskeiða. Fræðslumiðstöð Vestfjarða þjónustar einstaklinga, hópa, fyrirtæki og stofnanir hvar sem er á Vestfjörðum. Í námstilboðum miðstöðvarinnar er markvisst unnið að því að efla færni fólks og bæta þannig stöðu þess á vinnumarkaði. Skipulag námsins tekur bæði mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni og er lögð áhersla á kennsluáferðir sem henta fullorðnu fólki.

Stofnaðilar að Fræðslumiðstöðinni eru stéttarfélag, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, sveitarfélög og samtök þeirra, Menntaskólinn á Ísafirði og félag atvinnurekenda.

Miðstöðin er með skrifstofur á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði en býður upp á námskeið þar sem þörf er á og þátttaka fæst.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	17.000.000	17.700.000	19.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	30.965.250	29.450.000	28.986.115
c. Tekjur aðrar en a) og b)	42.746.761	36.126.135	36.093.846
d. Samtals	90.712.011	83.276.135	83.579.961
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	47,12%	43,38%	43,18%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 44,56% árin 2011-2013 og farið lítillega lækkandi.

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var stofnaður á Sauðárkróki árið 1992. Farskólinn var gerður að sjálfseignarstofnun árið 1998. Samkvæmt endurskoðaðri skipulagsskrá eru markmið Farskólans meðal annars að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra, greina þarfir fyrir fræðslu og standa fyrir hvers konar námi.

Stofnaðilar að Farskólanum eru sveitarfélög á Norðurlandi vestra, stéttarfélög, stofnanir, fyrirtæki, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum.

Samstarf við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra er þeim mikilvægt og góð verkaskipting og samskipti á milli aðila.

Í tengslum við Farskólann eru rekin fjögur námsver vel búin tækjum. Þau eru á Sauðárkróki, Blönduósi, Skagaströnd og Hvammstanga. Sveitarfélögin sjá að mestu leyti um rekstur námsveranna, hvert á sínu svæði en Farskólinn á fjarfundabúnaðinn.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Farskóli Noðurlands vestra	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	28.000.000	28.700.000	30.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	12.014.949	12.015.000	11.030.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	14.825.926	9.836.229	16.817.048
d. Samtals	54.840.875	50.551.229	57.647.048
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	27,03%	19,46%	29,17%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 25,22% árin 2011-2013 en fór lægst í 19,46% árið 2012.

SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

SÍMEY var stofnuð árið 1999. Stofnaðilar eru fyrirtæki, sveitarfélög, stéttarfélög, félög atvinnurekenda og stofnanir á Eyjafjarðarsvæðinu.

Markmið Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum starfs- og námsráðgjöf.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík þar sem er kennsluástaða og skrifstofa verkefnastjóra. Á Ólafsfirði og Siglufirði er verkefnastjóri með reglulega viðveru í aðstöðu annars vegar á vegum Fjallabyggðar og hins vegar Einingar-löju. Á Akureyri fer starfsemi miðstöðvarinnar fram að Þórsstíg 4 þar sem eru skrifstofur, kennsluástaða og aðstaða fyrir nemendur.

Vel hefur gengið að bjóða upp á nám sem hentar markhópunum, og sveigjanleikinn sem fylgir rekstrarforminu hentar vel til að bregðast við þörfum og eftirspurn.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	17.100.000	17.700.000	18.500.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	88.325.239	95.174.950	90.122.400
c. Tekjur aðrar en a) og b)	65.713.475	80.354.909	104.626.131
d. Samtals	171.138.714	193.229.859	213.248.531
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	38,40%	41,59%	49,06%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 43,02% árin 2011-2013 og farið hækkandi bæði árin frá 2011.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum var stofnuð í desember 1997. MSS er sjálfseignarstofnun sem þjónar einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og menntastofnunum með því að samræma framboð endur- og símenntunar og efla tengsl atvinnulífs og skóla á Suðurnesjum.

Í kjölfar þess að símenntunarmiðstöðin var stofnuð varð aðgengi almennings að námskeiðum meira og aukið svigrúm skapaðist til sí- og endurmenntunar. Starfsemi MSS hefur vaxið jafnt og þétt frá árinu 1997. Námsframboðið tekur mið af þörfum hverju sinni og miðstöðin hefur tekið að sér aukin verkefni eftir því sem framhaldsfræðslunni hefur vaxið fiskur um hrygg.

Meginhlutverk Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna og auka menntun og lífsgæði íbúa svæðisins og efla þannig einstaklinga og atvinnulíf.

Miðstöðin leggur metnað sinn í að veita ráðgjöf og persónulega þjónustu og umhverfi til náms þar sem einstaklingum líður vel.

Stofnaðilar eru sveitarfélög á Suðurnesjum, skólar, stéttarfélög, félag atvinnurekenda, fyrirtæki og stofnanir.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	20.000.000	20.000.000	21.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	89.836.910	98.702.800	94.315.200
c. Tekjur aðrar en a) og b)	110.640.072	84.375.584	88.430.573
d. Samtals	220.476.982	203.078.384	203.745.773
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	50,18%	41,55%	43,40%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 45,04% árin 2011-2013 en farið lækkandi.

Austurbrú (áður Fræðslunet Austurlands)

Þekkingarnet Austurlands var stofnað árið 2006 á grunni Fræðslunets Austurlands sem stofnað var árið 1998. Starfssvæði var þá allt Austurland, frá Skeiðará í suðri að Langanesi í norðri þannig að Höfn í Hornafirði tilheyrði starfseminni.

Meginmarkmið með starfi Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólanáms, símenntunar og rannsókna á Austurlandi, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og þróunar. Í skipulagsskrá kemur fram að helstu markmið Austurbrúar eru:

- Nýsköpun, þróun og efling atvinnulífs og samfélags.
- Öflug símenntun, starfsþróun og starfsfræðsla.
- Skilvirk upplýsingastarfsemi og heildstæð markaðssetning.
- Fjölbreytt uppbygging háskólanáms og rannsókna.
- Fjölpætt starfsemi á sviði menningar, lista og skapandi greina.

Starfsemin breyttist árið 2012 þegar starfsemin var felld inn í Austurbrú og skiptist nú í tvö svið, símenntunarsvið og háskóla- og rannsóknasvið. Sviðin hafa með sér verkaskiptingu og skipta kostnaði við rekstur kennsluáðstöðu svo dæmi sé tekið. Símenntunarsvið Austurbrúar sinnti með samningi verkefnum á

sviði símenntunar hjá Höfn í Hornafirði fram til loka árs 2013 en þá tók sveitarfélagið upp samstarf við Fræðslunet Suðurlands en Höfn í Hornafirði tilheyrir Suðurkjördæmi og er aðili að Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga. Starfstöðvar Austurbrúar eru á: Egilsstöðum, Neskaupsstað, Vopnafirði og Reyðarfirði auk námsvera á nokkrum þéttbýlisstöðum

Vel hefur tekist að byggja upp háskóla- og rannsóknasvið Austurbrúar og símenntunarsviðið hefur leitt uppbyggingu stóriðjuskólans í samvinnu við Alcoa-Fjarðaál sem er í heildina 7 anna nám.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Austurbrú	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum (30% til framhaldsfræðslu)	51.000.000	53.000.000	55.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	34.237.865	33.612.570	31.249.200
c. Tekjur aðrar en a) og b)	76.072.905	67.037.083	68.950.423
d. samtals	161.310.770	153.649.653	155.199.623
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	47,16%	43,63%	44,43%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 45,07% árin 2011-2013 og því farið aðeins lækkandi. Um 70% af fjárveitingum á fjárlögum renna beint til háskólaþjónustu og rannsókna og hluti annarra tekna er vegna háskólastarfseminnar, þessar tölur eru því ekki að fullu samanburðarhæfar við hefðbundnar símenntunarstöðvar.

Þekkingarnet Þingeyinga

Þekkingarnet Þingeyinga er símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfar á grunni tveggja stofnana er sameinaðar voru árið 2006. Annars vegar er um að ræða símenntunarmiðstöðina Fræðslumiðstöð Þingeyinga og hins vegar háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfaði undir nafni Þekkingarseturs Þingeyinga fram að sameiningunni. Símenntunarstarfsemi hófst árið 1999 um svipað leyti og aðrar símenntunarstöðvar á landinu hófu starfsemi. Háskólanáms- og rannsóknahlutinn fór hins vegar af stað árið 2003 samhliða Náttúrustofu Norðausturlands, sem starfar undir sama þaki og höfuðstöðvar Þekkingarnetsins á Húsavík.

Starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga byggir í meginatriðum á samstarfssamningi stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem aftur er gerður með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar. Starfsemi er þríþætt; háskólanámsþjónusta, símenntun og rannsóknir.

Meginmarkmið Þekkingarnets Þingeyinga samkvæmt samningi við MMR 2014 eru:

- Mæta fræðsluþörf íbúa og atvinnulífs með framboði og miðlun náms.
- Afla þekkingar og viðhalda, miðla henni og hagnýta á starfssvæðinu.
- Stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs, menningarstarfssemi og atvinnuþróunar.

Starfssvæði Þekkingarnetsins er Þingeyjarsýslur en aðsetur þess er á Húsavík (mönnuð starfsstöð) og er Þekkingarnetið að auki með 6 aðrar starfstöðvar á; Þórshöfn (mönnuð starfsstöð), Raufarhöfn, Kópaskeri, Laugum, Bárðardal og í Mývatnssveit þar sem til staðar er fjarfundarbúnaður, námsaðstaða, nettenging og þjónusta eftir þörfum hverju sinni.

Þekkingarnet Þingeyinga býður upp á námskeiðahald, hefur milligöngu um námsleiðir og námsframboð fyrir fólk og vinnustaði og rekur fjarnámssetur með þjónustu og vinnuástöðu fyrir fjarnema á svæðinu. Einnig er stofnunin miðstöð rannsókna og hýsir til lengri og skemmri tíma fólk, stofnanir og fyrirtæki sem stunda rannsóknir í héraðinu.

Á síðasta ári (2013) var lögð áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA). Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins svo sem sjómanna og bænda.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Þekkingarsetur Þingeyinga	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum (40% til framhaldsfræðslu)	34.800.000	35.900.000	37.500.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	16.487.825	15.295.000	16.760.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	31.539.345	33.274.213	25.981.999
d. samtals	82.827.170	84.469.213	80.241.999
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	38,08%	39,39%	32,38%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 36,62% árin 2011-2013. Um 60% af fjárveitingum á fjárlögum renna beint til háskólaþjónustu og rannsókna og hluti annarra tekna er vegna háskólastarfseminnar og þessar tölur eru því ekki að fullu samanburðarhæfar við hefðbundnar símenntunarstöðvar.

Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Viska var stofnuð í janúar árið 2003 og stofnaðilar VISKU eru Vestmannaeyjabær, skólar, stéttarfélag, félag atvinnurekenda, háskólar, fyrirtæki og stofnanir.

Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum voru að:

- Efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið.
- Hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum
- Miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum.
- Vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi
- Vera í fararbroddi að nýtingu á bestu fánlegri fjarkennslutækni hverju sinni.

Viska er staðsett að Strandvegi 50 í Vestmannaeyjum og leigir aðstöðu af Framhaldsskóla Vestmannaeyja þegar þörf krefur. Námskeiðahald Visku fer yfirleitt fram í húsnæði Visku að Strandvegi, en einnig í Grunnskóla Vestmannaeyja þegar um verkgreinakennslu er að ræða eins og matreiðslu og smíðanámskeið. Starfsemin mun flytja í nýtt og hentugra húsnæði innan skamms.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Viska - fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	20.000.000	20.000.000	21.000.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	15.638.300	14.880.000	14.900.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	7.683.590	19.161.701	N.A.
d. Samtals	43.321.890	54.041.701	N.A.
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	17,74%	35,46%	N.A.

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 26,60% árin 2011-2012.

Fræðslunet Suðurlands

Fræðslunet Suðurlands var stofnað 1998 og er í dag í samstarfi við fjölda aðila á svæðinu. Meginmarkmið og starfssemi Fræðslunets Suðurlands samkvæmt samningi við ráðuneytið frá árinu 2011 eru að:

- Vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaganna nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Suðurlandi, greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa.
- Vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Suðurlandi vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Fræðslunet Suðurlands er víðfemt og með þjónustu á Selfossi, Hvolsvelli, Vík og Klaustri og Höfn í Hornafirði.

Fyrir síðastliðin áramót (2012/2013) flutti Fræðslunetið með alla starfsemi sína á Selfossi í Fjölheima við Bankaveg. Með þessu var rekstur sem hafði verið dreifður á marga staði sameinaður á einn stað. Í Fjölheimum eru skrifstofur starfsmanna, kennsluaðstaða, jafnt til bóklegrar sem verklegar kennslu, vinnuaðstaða fyrir kennara, lesstofa og hópinnuaðstaða fyrir námsmenn auk funda- og viðtalsherbergja.

Þróun fjárveitinga, framlaga frá Fræðslusjóði og annarra tekna árin 2011 - 2013 (á verðlagi hvers árs)			
Miðstöð símenntunar á Suðurlandi	2011	2012	2013
a. Fjárveitingar á fjárlögum	17.000.000	17.500.000	18.300.000
b. Framlög frá Fræðslusjóði	36.224.629	34.647.000	33.240.000
c. Tekjur aðrar en a) og b)	29.708.843	52.862.322	69.631.192
d. Samtals	82.933.472	105.009.322	121.171.192
e. Hlutfall tekna frá öðrum en a) og b)	35,82%	50,34%	57,47%

Að jafnaði hefur hlutfall annarra tekna en frá ríkissjóði numið 47,88% árin 2011-2013 og farið hækkandi.

Iðan fræðslusetur

IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið, Samtök ferðaþjónustunnar og Meistarafélag húsasmiða.

Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmíðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum. Hvert svið um sig skilgreinir nánar áherslur sínar og aðkomu.

Verið er að vinna við að undirbúa nýtt húsnæði IÐUNNAR þar sem kennsluaðstaða og skrifstofur félagsins verða sameinuð. Miklar væntingar eru um aukið hagræði og skilvirkni við þessar breytingar á aðstöðu síðar á árinu 2014.

Meginverkefni IÐUNNAR gagnvart framhaldsfræðslukerfinu lýtur að framkvæmd raunfærnimats fyrir þær starfsgreinar sem falla undir fræðslusetrið og náms- og starfsráðgjöf í iðnaði.

IÐAN sinnir bæði grunnmenntun og framhaldsmenntun. Undir grunnmenntun fellur undirbúningur sveinsprófa, ráðgjöf og stuðningur við gerð námssamning, raunfærnimat og umsjón vinnustaðanámssjóðs. IÐAN heldur úti eina vefsetrinu sem til er um iðnnám og námsleiðir og mat og viðurkenningu á erlendu iðnnámi. Undir framhaldsmenntun fellur endurmenntun að loknu sveinsprófi.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins sér um námssamninga í rafiðngreinum, hefur umsjón með sveinsprófum og stjórnar raunfærnimati í rafiðngreinum.

Formleg aðkoma Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins að framhaldsfræðslukerfinu er í gegnum raunfærnimat í rafiðngreinum. Skrifstofan sinnir grunnmenntun í rafiðngreinum en Rafiðnaðarskólinn sinnir endurmenntun og framhaldsmenntun í sömu greinum.

Oftar er boðið upp á raunfærnimat í rafvirkjun og rafeindavirkjun en hljóðvinnslu en síðasti hópurinn þar fór í gegn á árinu 2012. Fræðsluskrifstofan hefur þróað námsvefinn „rafbok.is“ sem er netbókasafn rafiðnaðarins og er rafrænt skráarsafn sem m.a. nýtist þeim sem eiga í lestrarerfiðleikum.

Fræðslusetrið Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt er í eigu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og flestra stéttarfélaganna innan BSRB. Það sinnir heildstæðri þjónustu á sviði endur- og símenntunar fyrir opinbera starfsmenn ásamt því að bjóða stofnunum ríkisins upp á mannauðsráðgjöf til að efla starfsvettvanginn. BSRB er einnig meðeigandi í Framvegis, miðstöð um símenntun, sem hefur lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Fræðslusetrið Starfsmennt er þáttur í aukinni áherslu sem fram hefur komið í endur- og símenntun starfsmanna ríkisins. Setrið byggir á þeirri hugmyndafræði að það sé æskilegt að þjálfra, viðhalda og auka þekkingu starfsmanna til að auka gæði starfseminnar og starfsánægju þeirra. Starfsemin byggir að stofni til á bókun 1 við kjarasamningsgerð árið 2001 þar sem segir: "Aðilar eru sammála um að efla símenntun starfsmanna með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma. Leitað verði samstarfs við önnur stéttarfélög og einstakar stofnanir, til þess að koma á starfstengdum námskeiðum í þessu skyni sem starfsmenn geti sótt án verulegs kostnaðar. Verði það gert á þann hátt að á samningstímabilinu verði unnið að því að stofna sérstakt „Fræðslusetur“ í samvinnu við önnur stéttarfélög. Hlutverk þess er að vera hugmyndabanki / umsjónaraðili / framkvæmdaaðili, að meta þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum eða stofnanahópum og að hafa frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf."

Launagreiðendur greiða sérstakt framlag til Fræðslusetursins Starfsmenntar en auk þess sinnir Starfsmennt verkefnum í samvinnu við FA. Meginhluti starfseminnar liggur þó ekki nema að litlu leyti í samstarfinu við FA og fjármögnun Fræðslusjóðs.

Fræðslusetrið Starfsmennt býður opinberum starfsmönnum upp á starfstengda símenntun og veitir stofnunum heildstæða þjónustu á sviði starfsþróunar. Þjónusta Starfsmenntar er sérsniðin að þörfum þátttakenda um allt land í krafti faglegs samstarfsnets og öflugts vefkerfis. Starfsmennt er samstarfsvettvangur starfsmanna og stjórnenda þar sem unnið er að þróun þekkingar og þjálfunar í þágu einstaklings og samfélags.

Starfsmennt hefur lagt áherslu á að byggja ekki upp mikla eigin starfsemi heldur semur þess í stað við fræðsluaðila um framkvæmd náms eða leigu á aðstöðu fyrir starfshópa og stofnanir um allt land.

Að mörgu leyti má segja að Starfsmennt sinni að stofni til því frumkvæðis-, þróunar-, gæða- og samræmingarhlutverki gagnvart opinberum starfsmönnum og FA gegnir gagnvart starfsfólki á almenna vinnumarkaðnum en menntun þátttakenda nær yfir víðara svið.

Viðhorfskönnun meðal þjónustuþega

Dagana 14. febrúar til 11. mars 2014 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal þeirra sem skilgreindir eru sem viðskiptavinir eða þjónustuþegar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Tilgangur þess var að komast að því hvaða reynslu þeir hefðu af þeirri þjónustu sem þeir fengu og leggja mat á stöðu svarenda fyrir og eftir þjónustuna. Með könnuninni fékkst mynd af afstöðu þjónustuþega til kerfisins og þá hvort að sú mynd væri sú sama eða önnur en þjónustuveitenda.

Á heildina litið ríkir mikil ánægja meðal þjónustuþega til framhaldsfræðslukerfisins. Sú niðurstaða er í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við vinnslu þessarar úttektar þ.e. að í það heila tekið hafi vel tekist til og að á flestum sviðum hafi tilætluðum árangri verið náð.


Yfirlit yfir framkvæmd könnunarinnar

	Heild	Námsleið/ Námskeið	Ráðgjöf	Raun- færnimat
Stærð úrtaks	1989	702	641	751
Svara ekki	1034	386	358	305
Fjöldi svarenda	955	316	283	446
Svarhlutfall	48,0%	45%	44,1%	59,4%

Þeir einstaklingar sem höfðu fengið ráðgjöf voru spurðir að því hver menntunarstaða þeirra hefði verið þegar þeir fengu ráðgjöf í fyrsta sinn, en ráðgjöf er oftast fyrsta snerting þjónustuþega við framhaldsfræðslukerfið, síðan var spurt hver menntunarstaða þeirra væri í dag. Niðurstöður þeirra spurninga má sjá á næstu tveimur myndum.

Menntunarstaða þegar ráðgjöf átti sér stað í fyrsta sinn

	Fjöldi	%	+/-
Grunnskóli	67	30,3	6,1
Framhaldsskóli, hóf nám en lauk því ekki	67	30,3	6,1
Framhaldsskóli	10	4,5	2,7
Hef lokið st.prófi/iðnnámi frá frh.skóla	59	26,7	5,8
Háskólapróf	11	5,0	2,9
Annað	7	3,2	2,3
Fjöldi svara	221	100,0	
Tóku afstöðu	221	78,1	
Tóku ekki afstöðu	62	21,9	
Fjöldi svarenda	283	100,0	




Af myndinni hér fyrir ofan má draga þá ályktun að framhaldsfræðslukerfið sé að uppfylla væntingar stofnenda þar sem að 60% ráðþega hafa einungis grunnskólapróf eða hafa ekki lokið framhaldsskóla. Þó er ljóst að ráðgjafar eru einnig að þjónusta hópa sem hafa lokið stúdentsprófi eða iðnnámi.

Mjög áhugavert er að skoða töfluna hér fyrir ofan í samanburði við töfluna hér fyrir neðan.

Hver er menntunarstaða þín nú?


	Fjöldi	%	+/-
Grunnskóli	36	13,0	4,0
Hóf nám í framhaldsskóla en lauk því ekki	73	26,4	5,2
Hef lokið styttra námi frá framhaldsskóla	56	20,3	4,7
Hef lokið stúdentsprófi / iðnnámi frá framhaldsskóla	85	30,8	5,4
Hef lokið prófi frá Háskóla	26	9,4	3,4
Fjöldi svara	276	100,0	
Tóku afstöðu	276	97,5	
Tóku ekki afstöðu	7	2,5	
Fjöldi svarenda	283	100,0	



Með því að bera saman niðurstöður hér að ofan má draga þá ályktun að einstaklingum sem eingöngu hafa grunnskólapróf eða hófu nám í framhaldsskóla án þess að ljúka því, fækki í kjölfar ráðgjafar, að sama skapi fjölgi þeim sem hafa lokið styttra námi í framhaldsskóla, stúdentsprófi, sveinsprófi eða prófi frá háskóla.

Hver er menntunarstaða þín nú?


Í myndinni hér fyrir neðan eru dregnar saman niðurstöður allra hópanna um menntunarstöðu þeirra nú. Það er eftir að þátttaka í framhaldsfræðslukerfinu hefst, eða henni er lokið.



Námsleiðir/námskeið

Á myndinni hér fyrir neðan eru sýndar þær breytingar sem urðu á högum svarenda eftir þátttöku í raunfærnimati eða námsleið. Hafa verður í huga að svarendur máttu velja fleiri en einn svarmöguleika og samtölur því stærri en 100%.


Hvað af eftirfarandi á við um aðstæður þínar á vinnumarkaði eftir að þú laukst námsleið/námskeiði?



Flestir svarendur svara því til að aðstæður hafi ekki breyst og að þeir séu enn í sama starfi. Það er þó áhugavert að 8% þeirra sem voru í námsleið/námskeiði fengu starf í kjölfar þeirrar þátttöku og umtalsverður hluti svarenda fékk launahækkun, aukna ábyrgð í starfi eða starf á nýjum vinnustað.


Þegar þessi niðurstaða er skoðuð í samhengi við spurninguna: „Telur þú að þátttaka þín í námskeiðinu/námsleiðinni hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líf þitt?“ þar sem á milli 70 og 75% telja að ráðgjöf og þátttaka hafi haft jákvæð áhrif á líf sitt, er ekki óvarlegt að ætla að kerfið sé að skila þó nokkrum af þeim árangri sem til var ætlast við stofnun þess.

Telur þú að þátttaka í námskeiðinu/námsleiðinni hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líf þitt?



Með því að skoða saman svar við spurningu um áhrif námsþátttöku á líf svarenda og svör við spurningu um áhrif á sjálfstraust hér fyrir neðan, sést að 80% svarenda telja að námið hafi haft jákvæð áhrif á sjálfstraust sem styður vel við að námsþátttaka hafi haft áhrif á líf svarenda. Áhugavert er að skoða að konur telja áhrifin á sjálfstraust vera heldur meiri en er upplifun karla.


Hafði námið áhrif á sjálfstraust þitt?



- Já það hafði mjög jákvæð áhrif á sjálfstraust mitt
- Já það hafði frekar jákvæð áhrif á sjálfstraust mitt
- Nei það hafði engin áhrif á sjálfstraust mitt

Fékkst þú námskeiðið/námsleiðina metna til að komast í frekara nám?


	Fjöldi	%	+/-
Já	111	42,7	6,0
Nei	149	57,3	6,0
Fjöldi svara	260	100,0	
Tóku afstöðu	260	82,3	
Tóku ekki afstöðu	56	17,7	
Fjöldi svarenda	316	100,0	



Tæp 43% svarenda fengu námskeið/námsleið metna til að komast í frekara nám. Í kjölfar þeirrar spurningar var kannað hvaða námi svarandi hefði lokið að lokinni námsleið. Eins og kemur fram á næstu mynd fóru flestir eða 22% í frekara nám hjá símenntunarmiðstöð og næststærsti hópurinn tók áfanga í framhaldsskóla.

Hefur þú lokið einhverju öðru námi eftir námsleið/námskeið?

	Fjöldi	%	+/-
Nám hjá símenntunarmiðstöð	67	22,0	4,6
Áföngum í framhaldsskóla	44	14,4	3,9
Frumgreinadeild/háskólabrú	19	6,2	2,7
Stuttri starfsnámsbraut í framhaldsskóla	16	5,2	2,5
Áföngum í háskóla	15	4,9	2,4
Lengra námi í framhaldsskóla	13	4,3	2,3
Háskólanámi	1	0,3	0,6
Nei	167	54,8	5,6
Fjöldi svara	342		
Tóku afstöðu	305	96,5	
Tóku ekki afstöðu	11	3,5	
Fjöldi svarenda	316	100,0	



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn sva rmöguleika. Hlutfallstölur eru því rei knaðar eftir fjöldi þeirra sem tóku a fstöðu en ekki fjölda svara.

Draga má þá ályktun af ofangreindri mynd að þátttaka í námsleið/námskeiði hafi haft þau áhrif að tæplega helmingur þjónustupega hafi haft áhuga á að takast á við frekari þekkingaröflun.

Þátttakendur í könnuninni höfðu tækifæri til að tjá sig um námsleiðirnar. Alls höfðu 165 einstaklingar eitthvað um málið að segja og hér fyrir neðan er stutt sýnishorn af athugasemdum þeirra.

Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri í tengslum við námið/námsleiðina/námskeiðið?


- Ég er í dag kominn í nám sem er lánshæft, hefði ekki farið í þetta nám nema hafa fengið smá spark og sjálfstraust sem ég öðlaðist í nám og þjálfun.
- Ég fékk mjög persónulega og góða kennslu hjá þeim í nám og þjálfun og er ég ævinlega þakklát fyrir það, þar sem þetta kom mér áfram með að geta lært aðra tengda áfangana :) frábærir og góðir kennarar sem klárlega leggja sitt af mörkum. Frábær leið fyrir eldra, vinnandi fólk til að bæta við sig í námi.
- Ég fékk nýtt líf:-)
- Ég fór fyrst að skilja stærðfræði í „Almennum bóklegum greinum“.
- Ég fór í menntastofur og er í háskólabrú Keilis núna ef ég hefði tekið þetta námskeið hefði ekkert annað verið í gangi hjá mér.
- Ég hef ekki látið meta það nám sem ég hef lokið, en ég hef tekið tungumálaafanga og námskeið og einnig lokið námi í vottun til fjármálaráðgjafa.
- Ég hélt alltaf að ég væri svo vitlaus að geta aldrei lært en með þessu námskeiði komst ég að því að ég væri lesblind, og það gaf mér kjarkinn til baka. Kærar þakkir.
- Hvað mig snertir, kom það sér vel, er mun ákveðnari og sjálfs öryggið er betra, fékk góða hjálpi, sem ég þarf.
- Hvetja fólk til að taka þátt bara, endilega fara á námskeið sem eru í boði.
- Já ég á við vanda, er með lesblindu, talnablindu og ADHD og er ekki hlustað það, var frekar sagt að ég einblíni of mikið á það sem var ekki og hálfpartin gert grín að mér með það svo ég hætti námi.
- Já í kjölfarið á Aftur í nám fór ég í leiðréttingu þ.e.a.s fór á lesblindunámskeið og fékk leiðréttingu á mínu námi hvort það var grunnskólin eða Aftur í nám. Er núna starfandi sjálfstætt og reukum við hjónin fyrirtæki saman og erum með 5 manns í vinnu. Takk fyrir mig.
- Já takk fyrir mig. Þetta gaf mér aukabúst að fara í áframhaldandi nám. Ég var ekki búin að vera í námi lengi og var stressuð að byrja aftur en þetta gaf mér það sem til þurfti.
- Já, myndi vilja fá annað námskeið, sem sagt áframhald.
- Kennarar voru svo hvetjandi :)
- Námsleiðin leikskólabrú er einskins metin á vinnustaðnum "leikskóli Reykjavíkurborgar" hvorki launalega séð né í starfinu starfinu sjálfu.
- Nei ég held ekki, við vorum með alveg frábæran leiðbeinanda og ég held að hann hafi farið í og yfir allt sem hægt var að nýttast sér. Kveikir hjá manni forvitni að lesa og kynna sér meira að fara á svona námskeið.
- Nei þetta er bara frábær upprifun til að hitta fólk og komast út.
- Nei, hafið nóg verklegt því að besta lærdómsleiðin er „learning by doing“.
- Of mikið af erlendu fólki sem skilur lítið og truflar í kennslustund og getur lítið tekið þátt.
- Ötrúlega þakklát fyrir tækifærið. Bestu kennarar sem ég hef umgengist á ævinni.
- Persónulega fannst mér þetta námskeið heldur „ódyrt“. Þátttaka mín mun ekki nýttast mér að nokkru gagni á vinnumarkaðnum.
- Reglulega gott námskeið.

Náms- og starfsráðgjöf

Flestir stíga sín fyrstu skref í framhaldsfræðslukerfinu hjá náms- og starfsráðgjafa. Hér á eftir fylgja helstu ástæður þess að leitað er til náms- og starfsráðgjafa.

Hvers vegna komstu í viðtal við náms- og starfsráðgjafa?

	Fjöldi	%	+/-
Til að kanna möguleika á námi	101	41,2	6,2
Til að taka áhugasviðskönnun	58	23,7	5,3
Til að fá ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit	53	21,6	5,2
Vegna raunfærnimats	51	20,8	5,1
Til að fá aðstoð við að gera ferilskrá	26	10,6	3,9
Til að fá aðstoð við námstækni og vinnubrögð í námi	18	7,3	3,3
Vegna persónulegra mála	17	6,9	3,2
Annað	30	12,2	4,1
Fjöldi svara	354		
Tóku afstöðu	245	86,6	
Tóku ekki afstöðu	38	13,4	
Fjöldi svarenda	283	100,0	




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn sva möguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Áberandi flestir leita sér ráðgjafar til að kanna möguleika á námi og/eða taka áhugasviðskönnun. Minnihluti svarenda leitaði þangað vegna persónulegra mála eða til að fá aðstoð við nám.

Á myndinni hér fyrir neðan sést hversu vel þjónustuþegar telja náms- og starfsráðgjöfina hafa nýst þeim.

Á heildina litið hversu vel eða illa nýttist sú náms- og starfsráðgjöf sem þú fékkst?



Rétt tæp 59% töldu ráðgjöfina nýttast sér mjög eða frekar vel en nokkuð stór hluti (35%) taldi hana hvorki hafa nýst sér vel eða illa. Engin munur var á þessum niðurstöðum eftir bakgrunni svarenda eða uppruna (staðsetningu) ráðgjafar. Stór hluti (22%) voru að leita sér ráðgjafar vegna atvinnuleitar og hugsanlega má skýra útkomuna með vísan í að náms- og starfsráðgjafar hafa takmarkaðar bjargir á þeim vettvangi.

Eins og sést á næstu mynd kemur fram að þegar svarendur voru spurðir sögðu 49% líklegt að þeir myndu leita aftur eftir ráðgjöf frá náms- og starfsráðgjafa.

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir aftur leita eftir ráðgjöf frá náms- og starfsráðgjafa?


	Fjöldi	%	+/-
Mjög líklegt (5)	58	23,9	5,4
Frekar líklegt (4)	61	25,1	5,5
Hvorki né (3)	70	28,8	5,7
Frekar ólíklegt (2)	29	11,9	4,1
Mjög ólíklegt (1)	25	10,3	3,8
Líklegt	119	49,0	6,3
Hvorki né	70	28,8	5,7
Ólíklegt	54	22,2	5,2
Fjöldi svara	243	100,0	
Tóku afstöðu	243	85,9	
Tóku ekki afstöðu	40	14,1	
Fjöldi svarenda	283	100,0	
Meðaltal (1-5)	3,4		
Vikmörk ±	0,2		



Rúm 70% töldu að náms- og starfsráðgjöf hefði haft jákvæð áhrif á líf sitt (sjá næstu mynd)

Telur þú að náms- og starfsráðgjöf hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líf þitt?


	Fjöldi	%	+/-
Mjög jákvæð áhrif (5)	74	31,0	5,9
Frekar jákvæð áhrif (4)	94	39,3	6,2
Hvorki né (3)	62	25,9	5,6
Frekar neikvæð áhrif (2)	7	2,9	2,1
Mjög neikvæð áhrif (1)	2	0,8	1,2
Jákvæð áhrif	168	70,3	5,8
Hvorki né	62	25,9	5,6
Neikvæð áhrif	9	3,8	2,4
Fjöldi svara	239	100,0	
Tóku afstöðu	239	84,5	
Tóku ekki afstöðu	44	15,5	
Fjöldi svarenda	283	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,0		
Vikmörk ±	0,1		



Þátttakendur í raunfærnimati voru spurðir um mikilvægi ráðgjafar í því ferli en 89% svarenda í því þýði töldu hlutverkið mikilvægt.

Hversu mikilvægt eða lítilvægt er hlutverk ráðgjafans í raunfærnimatinu að þínu mati?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög mikilvægt (5)	223	51,1	4,7
Frekar mikilvægt (4)	165	37,8	4,6
Hvorki né (3)	34	7,8	2,5
Frekar lítilvægt (2)	8	1,8	1,3
Mjög lítilvægt (1)	6	1,4	1,1
Mikilvægt	388	89,0	2,9
Hvorki né	34	7,8	2,5
Lítillvægt	14	3,2	1,7
Fjöldi svara	436	100,0	
Tóku afstöðu	436	97,8	
Tóku ekki afstöðu	10	2,2	
Fjöldi svarenda	446	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,4		
Vikmörk ±	0,1		




Raunfærnimat

Eins og sést á næstu mynd fóru flestir þeirra sem fóru í raunfærnimat, í nám eða luku námi í kjölfar þess (62%) og önnur 14% hyggjast fara í nám.

Hvað af eftirfarandi á helst við þig?

	Fjöldi	%	+/-
Ég fór í nám eftir raunfærnimat og það er enn	116	27,7	4,3
Ég fór í nám eftir raunfærnimat og hef lokið því námi	143	34,1	4,5
Hef í hyggju að fara í nám	58	13,8	3,3
Hef ekki í hyggju að fara í nám	32	7,6	2,5
Ég er meðvitaðri um starfsþróun mína	70	16,7	3,6
Fjöldi svara	419	100,0	
Tóku afstöðu	419	93,9	
Tóku ekki afstöðu	27	6,1	
Fjöldi svarenda	446	100,0	



Þeir sem svöruðu ofangreindri spurningu þannig að þeir ætluðu ekki í nám eða hefðu í hyggju að fara í nám voru spurðir frekar um aðstæður sínar. Þegar spurt var um hindranir við að ljúka námi í kjölfar raunfærnimats kemur í ljós að algengasta ástæðan sem er nefnd er tímaskortur (50%), því næst kostnaður (34%) og svo bóklegar greinar (23%) auk annarra atriða sem skoða má á næstu mynd.

Hverjar eru helstu hindranir fyrir því að þú ljúkir náminu?

	Fjöldi	%	+/-
Hef ekki tíma til að sækja nám	43	50,0	10,6
Kostnaður of mikill	29	33,7	10,0
Bóklegar greinar reynast mér þungar t.d. íslenska, enska, stærðfræði og danska	20	23,3	8,9
Of langt að sækja nám	13	15,1	7,6
Ég glími við námsörðugleika	11	12,8	7,1
Nám sem hentar mér er ekki í boði	9	10,5	6,5
Á ekki samleið með nemendum í framhaldsskóla	8	9,3	6,1
Annað	20	23,3	8,9
Fjöldi svara	153		
Tóku afstöðu	86	95,6	
Tóku ekki afstöðu	4	4,4	
Fjöldi aðspurðra	90	100,0	
Spurðir	90	20,2	
Ekki spurðir	356	79,8	
Fjöldi svarenda	446	100,0	



Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.


Þeir sem hafa og hafa ekki í hyggju að fara í nám (sp. 28) voru spurðir þessarar spurningar.

Ofangreindar niðurstöður gefa tilefni til þess að kanna betur hvað svarendur eiga við þegar þeir bera því fyrir sig að tímaskortur sé helsta hindrunin fyrir því að fara í nám. Til dæmis hvort hægt væri að koma til móts við hópinn með kennslu á öðrum tímum eða með öðrum hætti en gert er í dag. Að sama skapi kalla önnur svör þátttakenda á frekari skoðun s.s. hvað varðar kostnað og erfiðleika við bóklegar greinar.

Þeir sem fóru í nám voru spurðir hvernig þeim hafi gengið eða sé að ganga og þar kom fram að 90% segja að námið sem þeir fóru í gangi eða hafi gengið vel. Þessi niðurstaða gefur til kynna að þeir sem að velja að fara í nám séu að ná árangri, sem aftur kallar eftir því að skoða hópana sem segjast ekki komast í nám vegna hindranana sem taldar eru upp hér að ofan. Gæti sá hópur náð sama árangri væru hindranir fyrir námsþátttöku fjarlægðar eða úr þeim dregið?

Hvernig gekk/gengur námið?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög vel (5)	159	61,4	5,9
Frekar vel (4)	74	28,6	5,5
Hvorki né (3)	23	8,9	3,5
Frekar illa (2)	3	1,2	1,3
Mjög illa (1)	0	0,0	0,0
Vel	233	90,0	3,7
Hvorki né	23	8,9	3,5
Illla	3	1,2	1,3
Fjöldi svara	259	100,0	
Spurðir	259	58,1	
Ekki spurðir	187	41,9	
Fjöldi svarenda	446	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,5		
Vikmörk ±	0,1		



Flestir þátttakendur í raunfærnimati eða 86% töldu það skipta miklu máli að fá einingar úr matinu metnar inn í framhaldsskóla. Frekara niðurbrot á þeirri spurningu fylgir hér á eftir. Þess má geta hér að í viðtölum og á vinnustofum komu ekki fram ábendingar um vandamál eða hnökra í framkvæmd mats á einingum að loknu raunfærnimati inn í framhaldsskólann.

Hversu miklu eða litlu máli skipti það þig að fá einingar sem metnar eru í framhaldsskóla í kjölfar raunfærnimatsins?


	Fjöldi	%	+/-
Mjög miklu (5)	288	67,0	4,4
Frekar miklu (4)	83	19,3	3,7
Hvorki né (3)	37	8,6	2,7
Frekar litlu (2)	11	2,6	1,5
Mjög litlu (1)	11	2,6	1,5
Miklu	371	86,3	3,3
Hvorki né	37	8,6	2,7
Litlu	22	5,1	2,1
Fjöldi svara	430	100,0	
Tóku afstöðu	430	96,4	
Tóku ekki afstöðu	16	3,6	
Fjöldi svarenda	446	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,5		
Vikmörk ±	0,1		



Um 82% töldu niðurstöðu sína úr raunfærnimatinu vera sanngjarna.

Hversu sanngjörn eða ósanngjörn var sú niðurstaða sem þú fékkst úr raunfærnimatinu?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög sanngjörn (5)	206	47,1	4,7
Frekar sanngjörn (4)	151	34,6	4,5
Hvorki né (3)	47	10,8	2,9
Frekar ósanngjörn (2)	22	5,0	2,1
Mjög ósanngjörn (1)	11	2,5	1,5
Sanngjörn	357	81,7	3,6
Hvorki né	47	10,8	2,9
Ósanngjörn	33	7,6	2,5
Fjöldi svara	437	100,0	
Tóku afstöðu	437	98,0	
Tóku ekki afstöðu	9	2,0	
Fjöldi svarenda	446	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,2		
Vikmörk ±	0,1		



Þegar svarendum var gefinn kostur á að tjá sig frekar um raunfærnimatið í lok könnunarinnar nýttu 306 svarendur sér það tækifæri. Hér á eftir eru nokkur dæmi um athugasemdir.

Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri í tengslum við raunfærnimatið?

- Þeir sem fara í raunfærnimat eiga að hafa svoltin tillögur um hvað þeir eiga eftir að læra.
 - Þetta er algjör guðsgjöf fyrir einhvern sem er búinn að sóa svona miklum tíma að geta klárað námið á skömmum tíma.
 - Þetta er algjör snilld og ættu allir að fara í þetta sem að hafa kost á því.
 - Þetta er eitt það besta sem vinnandi stéttir í atvinnulífinu hafa fengið að upplifa. Raunfærnimat er það besta sem menn geta gert til að bæta gæði atvinnulífsins. Raunfærnimat eins og bækur sem hafa verið skrifaðar og kenndar í skólum hafa verið sönn lífsreynsla. Það sem raunfærnimat snýst raunverulega um er sönn kunnátta.
 - Þetta er frábært fyrir fólk það veit frekar hvar það stendur og hvað það á að gera eftir raunfærnimat.
 - Þetta er misheppnuð tilraun til að lagfæra stirt og þvermóðskulegt gamalt karlakerfi.
-
- Það er mjög mikilvægt og alveg bráðnaðsynlegt að geta farið í raunfærnimat og nám að því loknu í því starfi sem maður er í. Það eflir mann í starfi og sjálfstraustið verður mikið. Einnig myndast mikil samkennd meðal nemanda, þetta er bara allt öðruvísi að fara í nám eftir langt hlé eins og í mínu tilfalli að fara í nám í því sem ég er búin að vinna við í 15 ár. Þetta er algjör snilld eins og karakkarnir myndu segja, takk fyrir mig.
 - Það er nauðsynlegt að hafa það og mér finnst að það eigi að vera komið til að vera.
 - Það er sjálfsgagt að meta reynslu á vinnumarkaði, því iðnkennslan er ekki mjög raunveruleikatengd. Finnst eins og menntabákníð og kjaftæðið við matið, sé í hrópandi ósamræmi við námið sem er rugl. Í mínu tilfalli að smíða dúkkuhúsallikan með hamri og sporrjárn.
 - Það eru ekki nógu margir meðvitaðir um þetta, að þetta er í boði.
 - Það eru enn margir einstaklingar sem enn hefur ekki tekist að fá inn á raunfærnimatið sem eiga við skrif og lesblindu vandamál að etja en eru engu að síður frábærir starfskraftar með mikla kunnátta og reynslu. Ég vildi sjá meira gert í því að fá þessa aðila í raunfærnimat.
-
- Raunfærnimatið þarf að vera meira auglýst, svo fleiri taki þátt í því. Ég komst í matið fyrir tilviljun og þá var það komið svoltið af stað.
 - Raunfærnimatið hjálpaði mér við að klára nám í húsmiði og gerði nám mitt í stúdentspróf mun styttra, en ég á ennþá eftir að klára sveinsprófið í húsmiði. 20 ára reynsla í smíði var metin sem 3 mánuðir á samning hjá meistara, sem mér þykir algert bull. Ég er sjálfstæður verktafi, hef verið það í 10 ár núna, og það að ég þurfi að ráða mér húsmiðameistara í vinnu við að "kenna" mér að vinna við smíðar sýnir hversu úrelt þetta nemakerfi er. Ég sé ekki að óbreyttu að ég taki sveinspróf í húsmiði, nema að þetta úrelta kerfi breytist.
 - Raunhæfnis matið er nauðsynlegur þáttur í menntakerfinu hér á landi. Það eru margir eins og ég var sem eru búnir að vinna í sama faginu í mörg ár, komnir með fjölskyldu og skuldbingar og hafa ekki pening, tíma eða áhuga að fara aftur í skóla hálfan daginn til að læra hluti sem þú lærðir fyrir 10 árum, fyrir mig var þetta nákvæmlega sú hvatning það sem ég þurfti til að ljúka sveinsnámi og halda síðan áfram í meistaranám í minni iðngrein. Mæli með þessu mati við hvern sem er.
 - Skella þessu á fleiri svið og í háskólanám líka.

Tölfræði nemendaskráningar

Í eftirfarandi kafla er fjallað um helstu þætti í þeirri tölfræði sem FA aflar á hverju ári um nemendur og árangur þeirra.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði 2009-2013.

Ár	2009			2010			2011			2012			2013		
	Höfu nám	Luku nám	Brottfall	Höfu nám	Luku nám	Brottfall	Höfu nám	Luku nám	Brottfall	Höfu nám	Luku nám	Brottfall	Höfu nám	Luku nám	Brottfall
Fræðsluáðili															
Austurbú	130	108	17%	219	179	18%	301	232	23%	230	203	12%	176	161	9%
Farskólinn	94	87	7%	91	89	2%	95	87	8%	76	67	12%	82	75	9%
Framvegis							22	19	14%	99	77	22%	145	125	14%
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	133	103	23%	204	183	10%	205	175	15%	350	309	12%	288	243	16%
Fræðslunet Suðurlands	180	160	11%	149	133	11%	181	148	18%	196	156	20%	207	169	18%
IDAN fræðslusetur										9	9	0%	54	54	0%
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	337	298	12%	472	389	18%	369	298	19%	490	399	19%	498	407	18%
Mímir-símenntun	739	746	-1%	904	792	12%	1.023	878	14%	842	728	14%	872	756	13%
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	128	117	9%	201	164	18%	108	95	12%	162	124	23%	115	103	10%
Símey	324	296	9%	508	408	20%	565	441	22%	434	379	13%	437	391	11%
Starfsmennt										57	46	19%	31	18	42%
Viska	24	20	17%	35	26	26%	95	73	23%	151	138	9%	65	44	32%
Þekkingarnet Þingeyinga	31	22	29%	38	35	8%	59	40	32%	93	75	19%	76	69	9%
Alls	2.120	1.957	8%	2.821	2.398	15%	3.023	2.486	18%	3.189	2.710	15%	3.046	2.615	14%

Tafla 1 hér að ofan sýnir að fjöldi nemenda frá árinu 2009 til og með 2013 eykst jafnt og þétt þar til að nemendum fækkar á milli 2012 og 2013. Árið 2009 var brottfall aðeins 8% en hækkar verulega 2010 og aftur 2011 þegar það fer í 18% en lækkar svo næstu tvö árin á eftir í 14% árið 2013.

Þegar fjöldi viðtala í töflu 2 eru skoðuð með fjölda nemenda í töflu 1 sést að ráðgjafar taka að meðaltali 3,5 viðtöl á móti hverjum nemenda sem hefur nám. Þegar fjöldi viðtala per hvern nemenda eru skoðuð er gagnlegt að skoða þær tölur í samhengi við niðurstöður úr könnun Capacent um eðli viðtalanna. Í könnuninni sem fjallað er um fyrr í þessari úttekt kemur fram að 41% komu til að kanna möguleika á námi, 24% til að taka áhugasviðskönnun, 22% til að fá ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit og 21% vegna undirbúnings fyrir raunfærnimat. Aðgreiningu vantar í gögnunum til að sjá hversu hátt hlutfall viðtala var vegna áhuga á að koma í nám og þeirra sem voru í viðtali að undirlagi Vinnuálagstofnunar, Virk eða annarra sem virkja vildu ráðþega í atvinnuleit. Í könnuninni kom skýrt fram í athugasemdum að ákveðinn hópur hafði ekki sótt ráðgjöf að eigin frumkvæði, eða eins og fram kemur í einni athugasemd „Óskaði aldrei sjálfviljugur eftir starfsráðgjöf, heldur varð að fá ráðgjöf til að halda atvinnuleysisbótunum á sínum tíma.“

Tafla 2. Fjöldi viðtala við náms- og starfsráðgjafa 2009-2013.

Fjöldi viðtala við náms- og starfsráðgjafa	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Fræðsluáðili						
Austurbú	331	686	484	452	294	2.247
Farskólinn á Norðurlandi vestra	225	236	129	91	175	856
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	195	472	451	394	331	1.843
Fræðslunet Suðurlands	394	479	583	622	657	2.735
Fræðslusetrið Starfsmennt		173	246	285	201	905
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	230	525	298	509	357	1.919
IDAN fræðslusetur	1.068	1.722	2.254	2.305	2.990	10.339
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	1.375	2.102	1.870	1.319	1.223	7.889
Mímir-símenntun	1.759	2.446	2.827	2.588	3.039	12.659
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	330	810	611	368	384	2.503
Símey	501	616	555	688	867	3.227
Viska	119	190	158	150	165	782
Þekkingarnet Þingeyinga	240	342	402	446	406	1.836
Samtals	6.767	10.799	10.868	10.217	11.089	49.740

Samkvæmt könnun Capacent sem fjallað er um fyrr í þessari úttektarskýrslu hyggjast 39% ráðþega ekki fara í nám að svo stöddu, en um 18% hyggjast gera það síðar, afgangurinn fór í nám eða lauk námi í kjölfar ráðgjafar. Í

töflu 2 kemur fram fjöldi viðtala en í töflu 3, hér fyrir neðan kemur fram fjöldi einstaklinganna sem komu í viðtöl.

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga sem komu í ráðgjafarviðtal á milli 2006 og 2012.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls
Endurkoma	115	1.200	1.301	2.769	4.569	5.771	5.739	21.464
Fyrsta viðtal	1.116	2.760	2.324	3.869	6.057	5.090	4.476	25.692
Hlutfall endurkomu	10%	43%	56%	72%	75%	113%	128%	84%

Á milli 2006 og 2012 hafa 25.692 einstaklingar komið í sitt fyrsta viðtal til ráðgjafa í framhaldsfræðslukerfinu og 21.464 (eða 84%) hafa komið aftur í viðtal. Eins og fram kemur í töflunni hér fyrir ofan fjölgað bæði fyrstu viðtölum til ráðgjafa og endurkoma ráðþega á milli árána 2006 og 2010 (fyrir utan 2008). Á sama tíma hækkar endurkomuhlutfall úr 10%, árið 2006, í 75% árið 2010 og árin 2011 og 2012 er endurkomuhlutfall orðið hærra en 100%. Þar sem að langflestir þátttakendur í framhaldsfræðslukerfinu byrja á viðtali má gera ráð fyrir því að endurkomuhlutfall gefi til kynna hversu vel kerfið eða ráðgjöfin svarar þörfum þjónustuþega og þegar endurkomuhlutfallið fer yfir 100% séu ráðþegar að flytjast á milli ára á milli fyrstu og annarrar snertingar við kerfið, og eða leita sér frekari þjónustu til ráðgjafa.

Tafla 4. Námsleiðir greiddar af Fræðslusjóði, fjöldi hópa í námsleiðum, fjöldi nemendastunda og fjöldi kennslustunda 2009-2013

Ár	2009			2010			2011			2012			2013		
	Fj. hópa í námsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. hópa í námsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. hópa í námsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. hópa í námsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. hópa í námsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.
Austurbrú	10	9.430	928	16	22.835	1.995	19	26.760	2.100	14	26.865	1.730	13	20.771	1.648
Farskólinn	9	10.245	1.038	7	14.226	1.182	7	11.658	912	7	6.117	621	6	11.924	915
Framvegis							2	2.690	310	6	15.100	1.115	10	29.625	2.325
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	10	11.941	1.237	14	18.540	1.396	13	23.622	1.782	25	19.036	1.561	20	18.930	1.606
Fræðslunet Suðurlands	15	13.236	1.171	13	23.203	1.862	13	24.373	2.354	14	23.232	2.226	15	24.917	2.055
IDAN Fræðslusetur										1	1.080	120	6	6.480	720
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	24	49.910	3.456	25	79.244	5.115	22	77.090	5.494	30	78.250	6.137	32	77.566	5.742
Mimir-símenntun	59	91.980	7.739	63	120.238	9.618	68	128.940	9.542	60	129.287	10.843	58	140.476	10.286
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	12	15.350	1.655	15	22.891	1.997	10	10.299	1.117	12	15.930	1.206	7	18.524	1.253
Símey	24	41.386	3.223	35	68.662	5.626	38	70.110	5.933	35	72.942	5.939	34	86.462	6.718
Starfsmennt										4	5.146	410	2	2.214	246
Víska	2	4.650	450	3	5.250	600	7	8.636	968	10	13.463	1.279	5	8.490	1.050
Þekkingarnet Þingeyinga	3	1.875	275	4	6.110	805	6	6.936	901	8	6.599	691	7	10.870	1.126
Grand Total	168	250.003	21.172	195	381.199	30.196	205	391.114	31.413	226	413.047	33.878	215	457.249	35.689

Í töflu 4 sést að nokkur aukning er á heildarfjölda hópa í námsleið, nemendastundum og kennslustundum í kerfinu. Í töflunni hér á eftir sést hvernig nemenda- og kennslustundum hefur fjölgað/fækkað á hverjum stað yfir árin.

Tafla 5. Fjölgun/fækkun nemenda- og kennslustunda á milli ára.

Fræðsluaðili	Breytingar milli ára							
	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013	
	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.	Fj. nem. stunda	Fj. kennsl.
Austurbrú	13.405	1.068	3.925	105	105	-370	-6.094	-82
Farskólinn	3.981	144	-2.568	-270	-5.541	-291	5.807	294
Framvegis			2.690	310	12.410	805	14.525	1.210
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	6.599	159	5.082	386	-4.586	-221	-106	45
Fræðslunet Suðurlands	9.967	691	1.170	492	-1.141	-128	1.685	-171
IDAN fræðslusetur					1.080	120	5.400	600
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	29.334	1.659	-2.154	379	1.160	643	-684	-396
Mímir-símenntun	28.258	1.879	8.702	-76	347	1.301	11.189	-557
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	7.541	342	-12.592	-880	5.631	89	2.594	47
Símey	27.276	2.403	1.448	307	2.832	6	13.520	779
Starfsmennt					5.146	410	-2.932	-164
Viska	600	150	3.386	368	4.827	311	-4.973	-229
Þekkingarnet Þingeyinga	4.235	530	826	96	-337	-210	4.271	435
Áramunur alls	131.196	9.025	9.915	1.217	21.933	2.465	44.202	1.812

Í töflu 5 sést að heildaraukning hefur verið í kerfinu frá 2009 á bæði nemenda- og kennslustundum þó að hún komi fram með ólíkum hætti eftir svæðum. Það er á sumum svæðum getur verið fækkun, en fjölgun á öðrum stöðum.

Tafla 6. Fjöldi einstaklinga sem hafa lokið raunfærnimati 2009-2013

Fjöldi einstaklinga sem hafa lokið raunfærnimati	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Fræðsluaðili		25				25
Austurbrú		25				25
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins			24			24
Fræðslunet Suðurlands				25		25
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	34	55	43	63	31	226
IDAN fræðslusetur	171	214	234	194	285	1098
Mímir-símenntun	37	58	29	93	20	237
MSS			9	21	10	40
Símey		23	63	18	7	111
Viska			9	9	16	34
Þekkingarnet Þingeyinga		9				9
Samtals	242	384	411	423	369	1.829

Í töflu 6 er að finna yfirlit yfir fjölda þeirra sem lokið hafa raunfærnimati. Á árunum 2009 til og með 2013 hafa langflestir tekið raunfærnimat hjá lðunni eða 60% þeirra sem hafa lokið því. Mímir og Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins eru með um 13% hvert en færri hafa lokið mati í öðrum miðstöðvum. Nokkur fækkun er á fjölda þeirra sem lokið hafa matinu á milli árunna 2012 og 2013. Af stöðvunum 10 sem farið er yfir í töflunni hér að ofan eru 4 þar sem raunfærnimat hefur átt sér stað á einu af árunum 5. Það styður vel við það sem fram kom í samtölum við fulltrúa stöðvanna, að erfitt væri að safna saman hópum í tiltekið raunfærnimat. Bæði vegna landfræðilegra fjarlægða með tilheyrandi kostnaði og vegna skorts á fólki með sameiginlegan bakgrunn og áhuga á sama tíma, til að mynda hóp fyrir raunfærnimat.

Samantekt á niðurstöðum viðtala, vinnustofa og vettvangsheimsókna

Ráðgjafar tóku viðtöl við forstöðumenn allra fræðsluaðilanna 14, þá var haldin vinnustofa með þverskurði starfsmanna og vettvangur á hverju landssvæði fyrir sig skoðaður. Einnig voru haldnar vinnustofur með starfsmönnum FA og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heildarfjöldi þeirra sem úttektaraðilar ræddu við eða tóku þátt í vinnustofum er 73 einstaklingar en val aðila byggðist á ákvæðum verksamnings við ráðuneytið og þeirri afmörkun sem þar er að finna. Þar sem um heildarmat á framhaldsfræðslukerfinu er að ræða þá var markmiðið að kalla fram mat á kerfinu í heild sinni og samskiptum aðila innan þess en ekki að lýsa nákvæmlega starfsemi hvers aðila fyrir sig.

Rætt var við alla stjórnarmenn í stjórn FA og formann stjórnar Fræðslusjóðs. Hluti stjórnarmanna í stjórn FA situr jafnframt í stjórn Fræðslusjóðs og því var ekki talið nauðsynlegt að hitta alla stjórn Fræðslusjóðs til að kalla fram mynd af þeim þætti starfseminnar

Á vinnustofunum var unnið þannig að hver og einn fékk tækifæri til að nefna hvað hafi gengið vel í framkvæmd verkefna framhaldsfræðslunnar, hvað hafi að þeirra mati gengið síður og hvort og þá hvað menn vildu sjá breytast til framtíðar litið, hvort sem væri beinar úrbótatillögur eða minniháttar lagfæringar eða atriði til skoðunar.

Úttektaraðilar leiddu umræður en á vinnustofunum var leitast við að draga fram ólík sjónarmið og kalla fram opna umræðu um meginspurningarnar. Úttektaraðilar höfðu það að markmiði á vinnustofunum að beina umræðunni fyrst og fremst að því hvernig gengi að ná fram markmiðum laga, reglna og samninga og leggja mat á áhrif og skilvirkni framhaldsfræðslukerfisins. Þá var nokkuð rætt um samskipti ólíkra aðila innan framhaldsfræðslukerfisins og hvað er að ganga vel í þeim efnum, hvað síður og hvar helstu úrbótatækifærin liggja.

Viðtöl

Alls tóku 73 einstaklingar þátt í viðtölum og vinnustofum. Í viðtölunum var farið ofan í afmarkaða þætti núverandi uppbyggingar framhaldsfræðslukerfisins. Hluta viðtalanna var varið til að ræða beinar tillögur um úrbætur eða breytingar á formi, efni og fjármögnun framhaldsfræðslukerfisins. Þá var litið til áhrifa staðbundinna þátta eins og ólíkrar stærðar svæða og mismikils strjálbýlis með hliðsjón af framkvæmd verkefna fræðsluaðila.

Almennt var leitast við að komast að því hver væri markverðasti árangur framhaldsfræðslukerfisins að mati þátttakenda.

Þar sem að markmið úttektaraðila var að kalla eftir ómenguðum sjónarmiðum og ábendingum var tekið fram í upphafi hvers viðtals og hvernar vinnustofu að ummæli þátttakenda yrði ekki unnt að rekja til einstakra viðmælenda. Að mati úttektaraðila tókst þannig að kalla fram opna og hreinskiptna umræðu. Viðtölin voru flest rétt rúmlega klukkustund en vinnustofurnar tóku á bilinu tvær til þrjár klukkustundir allt eftir fjölda þeirra sem tóku þátt.

Heildarniðurstöður – greining viðtala og vinnustofa

Við úrvinnslu viðtala og vinnustofa var svörum haldið í tveim flokkum. Annars vegar svör fulltrúa fræðsluaðila og hins vegar svör aðila vinnumarkaðarins, FA og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Almenna verklagið við úrvinnslu þessarar tegundar upplýsinga er að skoða nánar þá punkta sem koma oftast fram og nýta það efni til að þróa tillögur að úrbótum og breytingum. Þar sem miklu efni var aflað í vinnu með 73 einstaklingum var farin sú leið að innihaldsgreina efnið og flokka það nánar og greina þannig á milli aðalatriða

og aukaatriða. Með talningu var svörum skipt niður á 11 flokka sem eru eftirfarandi; áhrif laganna, aðkoma einkafyrirtækja að markaðinum (einkafyrirtæki), fjármál, iðnnám, kerfið í heild/almennt, markaðssetning og markaðsmál, mat á námi inn í framhaldsskólana, MySchool, námsráðgjöf, raunfærnimatið og samskipti við FA eða milli aðila.

Ráðgjafar fóru sameiginlega yfir efnið sem fram kom, flokkuðu svörin og greindu í hvaða flokk atriðin lentu en flokkaðar voru rúmlega 300 stakar yrðingar eða atriði. Með þessari aðferð var unnt að komast að því hvaða atriði viðmælendum þykja mikilvægust og nýta það efni til þess að móta tillögur að úrbótum. Einnig býður þessi leið upp á að unnt er að greina nánar hvort munur er á viðhorfum eftir því hvort þau komu frá fræðsluaðilum eða aðilum vinnumarkaðarins, FA eða ráðuneytinu.

Niðurstöðurnar úr ofangreindri flokkun er að finna í töflunum hér á eftir.

Tafla 7 sýnir í fyrsta dálki hlutfall atriða sem féllu í hvern flokk af öllum atriðum sem nefnd voru. Í næstu þremur dálkum er aðgreint hvort atriðið væri talið ganga vel, ganga miður vel eða annað almennt um flokkinn.

Tafla 7. Samtals áherslur allra viðmælenda

Flokkur	Samtals áherslur			
	Hlutfall af umræðu hópsins	Gengur vel	Gengur ekki vel	Annað
Áhrif laganna	3%	50%	0%	50%
Fyrirtæki á sviði menntunar	2%	33%	33%	33%
Fjármál	8%	8%	40%	52%
Iðnnám	1%	0%	100%	0%
Kerfið (í heild / almennt)	40%	19%	47%	34%
Markaðssetning og markaðsmál	11%	3%	67%	30%
Mat á námi inn í framhaldsskólana	8%	25%	38%	38%
MySchool	3%	0%	100%	0%
Námsráðgjöf	4%	67%	8%	25%
Raunfærnimatið	7%	45%	36%	18%
Samskipti við FA (eða milli aðila)	14%	50%	26%	24%

Mest var rætt um kerfið í heild sinni, því næst um samskipti og loks um markaðssetningu og markaðsmál.

Tafla 8. Samantekt á niðurstöðum viðtala við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytis

Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytis				
Flokkur	Hlutfall af umræðu hópsins	Gengur vel	Gengur ekki vel	Annað
Áhrif laganna	3%	67%	0%	33%
Fyrirtæki á sviði menntunar	3%	33%	67%	0%
Fjármál	10%	9%	27%	64%
Iðnnám	1%	0%	100%	0%
Kerfið (í heild / almennt)	46%	28%	49%	23%
Markaðssetning og markaðsmál	12%	0%	57%	43%
Mat á námi inn í framhaldskólana	5%	0%	67%	33%
MySchool	0%	0%	0%	0%
Námsráðgjöf	3%	75%	25%	0%
Raunfærnimatið	10%	45%	27%	27%
Samskipti við FA (eða milli aðila)	8%	44%	44%	11%

Í töflu 8 hér að ofan sést að mest af umræðunni var varið í að ræða kerfið í heild sinni eða (46%), því næst markaðssetningu og markaðsmál (12%), fjármál (10%) og raunfærnimatið (10%).

Í töflu 9 er yfirlit yfir niðurstöður flokkunar á umræðum við fulltrúa fræðsluaðila.

Tafla 9. Samantekt á niðurstöðum viðtala við fulltrúa fræðsluaðila

Fulltrúar fræðsluaðila				
Flokkur	Hlutfall af umræðu hópsins	Gengur vel	Gengur ekki vel	Annað
Áhrif laganna	4%	43%	0%	57%
Fyrirtæki á sviði menntunar	2%	33%	0%	67%
Fjármál	7%	7%	50%	43%
Iðnnám	1%	0%	100%	0%
Kerfið (í heild / almennt)	36%	12%	46%	43%
Markaðssetning og markaðsmál	10%	5%	74%	21%
Mat á námi inn í framhaldskólana	9%	33%	28%	39%
MySchool	5%	0%	100%	0%
Námsráðgjöf	4%	63%	0%	38%
Raunfærnimatið	6%	45%	45%	9%
Samskipti við FA (eða milli aðila)	17%	52%	21%	27%

Mestur hluti umræðunnar fór í að ræða kerfið í heild sinni (36%), því næst samskipti milli aðila kerfisins (17%) og loks markaðssetningu og markaðsmál (10%).

Þegar töflurnar eru skoðaðar sést að það er munur á áherslum hópanna tveggja á nokkrum þáttum. Það er að ólíkt hlutfall yrðinga fellur í hvern flokk og mat á því hvort meira er rætt um hvort gangi vel eða illa er stundum ólíkt.

Í töflunni hér fyrir neðan er lagt mat á þau atriði sem helst greina á milli hópanna tveggja. Með því er mögulegt að draga fram ólík sjónarmið og áherslur á mismunandi flokkum. Þar sem munur á áherslum hópanna var 15 stig eða minni var honum sleppt úr töflunni. Niðurstaða sýnir að umræða hópanna um flokkana var á líkum nótum þar fyrir utan.

Tafla 10. Mismunur á hlutfalli af umræðu fræðslumiðstöðva annarsvegar og fulltrúa aðila vinnumarkaðar og ráðuneytis hinsvegar

Mismunur á mati				
Flokkur	Hlutfall af umræðu hópsins	Gengur vel*	Gengur ekki vel*	Annað*
Áhrif laganna	1%	24%	0%	24%
Fyrirtæki á sviði menntunar	1%	0%	67%	67%
Fjármál	2%	2%	23%	21%
Iðnnám	0%	0%	0%	0%
Kerfið (í heild / almennt)	10%	17%	3%	20%
Markaðssetning og markaðsmál	2%	5%	17%	22%
Mat á námi inn í framhaldskólana	4%	33%	39%	6%
MySchool	5%	0%	100%	0%
Námsráðgjöf	1%	13%	25%	38%
Raunfærnimatið	4%	0%	18%	18%
Samskipti við FA (eða milli aðila)	9%	7%	23%	16%

*Mismunur undir 15% er sleppt

Í töflu 10 sést að báðum hópunum voru málefni um það bil jafn hugleikinn, sem sést á því að lítil munur var á þeim tíma sem hóparnir notuðu í umræðuna eða áherslum sem voru uppi.

Nokkur munur var á áherslum eftir því hvaða hópi viðmælendur komu úr. Til að mynda er lítil umræða um kerfið MySchool á meðal eigenda á meðan að 5% ummæla fulltrúa fræðslumiðstöðva eru um kerfið. Hins vegar eru 100% athugasemdanna á þann veg að kerfið sé í alla staði í besta falli hindrun og í versta falli gagnslaut. Þannig má draga þá ályktun að þótt litlum tíma hafi verið varið í umræðuna var hún mjög afdráttarlaus og beinskeytt.

Hvað gengur vel?

Þegar tafla 7 er skoðuð sést að á heildina litið er námsráðgjöfin talin ganga vel, sem og samskipti milli aðila, raunfærnimatið og áhrif laganna í heild sinni. Frekari umfjöllun um þessi atriði fylgir hér á eftir.

Námsráðgjöf

Álit viðmælenda þegar kom að námsráðgjöf er nokkuð afdráttarlaus og var ekki miklum tíma varið í að ræða þá þætti. Námsráðgjöfin er almennt talin vera hornsteinn framhaldsfræðslukerfisins og ein af ástæðum þess að kerfið hefur náð til og aðstoðað jafn marga þjónustuþega og raun ber vitni. Að sama skapi var talsvert rætt um mikilvægi námsráðgjafanna og þeirra vinnu við markaðssetningu á kerfinu í heild og þjónustu við markhópinn.

Bæði í gegnum kynningar utan fræðslumiðstöðva og með viðtölum við þjónustuþega. Það var nefnt sem galli að stundum skorti á yfirlit yfir árangur og eftirfylgni af ráðgjöf og skilgreiningar á viðtölum gætu verið á reiki.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um námsráðgjöfina.

- Námsráðgjöfin hefur virkað sem beittasta tækið til að ná til markhópsins. Alltaf erfitt að finna námshópa en námsráðgjöfin virkar mjög vel til þess.
- Fastur náms- og starfsráðgjafi er eitt sterkasta vopnið sem við höfum.
- Námsráðgjöf er af hinu góða t.d. inni á vinnustöðum og í gegnum stéttarfélögin.
- Bæði matið og svo ekki síst stuðningurinn við einstaklinginn í náminu (s.s. vegna lesblindu eða annarra vandamála við nám).
- Aginn kom aftur til nemenda í gegnum þessa leið því námsráðgjafarnir styðja vel við einstaklingana.

Fram kemur í könnun Capacent meðal þjónustuþega að 61% þeirra sem fóru í gegnum námsráðgjöf eru í námi, hafa lokið námi eða hyggjast fara í nám. Að auki segjast 23% svarenda vera meðvitaðri um starfsþróun sína en 16% hyggjast ekki fara í nám. Alls telja um 70% svarenda í könnuninni að ráðgjöfin hafi haft jákvæð áhrif á líf þeirra.

Samskipti milli aðila

Nokkur tími fór í að ræða samskipti milli aðila í kerfinu. Heilt yfir voru samskiptin talin vera góð. Sérstaklega voru nefnd afar góð fagleg samskipti við FA og lögð áhersla á að þar væri „gott fólk“. Tekist hafi að búa til sterka skipulagseiningu (FA) sem byggir á góðu samstarfi milli hagsmunaaðilanna ASÍ, SA og stéttarfélagana og tekist hafi að halda kerfinu fyrir utan átök tengd kjaramálum.

Þó er bent á þann veikleika að FA hafi tilhneigingu til að vera „gamaldags“ og að stundum upplifa fræðsluaðilarnir skort á samráði og að nýting á þekkingu þeirra á markhópnum gæti verið meiri hjá FA til dæmis þegar kemur að gerð námskráa. Nefnt var að FA virkaði stundum sem einskonar milliliður við mennta- og menningarmálaráðuneytið, þá var nefnt að fundir sem í eðli sínu ættu að vera gagnkvæmir upplýsinga- og samráðsfundir væru gjarnan í skilaboðastíl af hálfu FA en ekki eins og fundur jafningja.

Samstarf innan Kvasa er gott og samskipti námsráðgjafa við FA að mörgu leyti í formlegri farvegi en samskipti forstöðumanna fræðsluaðila við FA.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um samskipti milli aðila.

- Framhaldsfræðsluferfið hefur ekki orðið bitbein milli atvinnurekenda og annarra hagsmunaaðila.
- Nánast hnökralaus samskipti við aðra hagsmunaaðila.
- Hjá FA er fullt af frábæru starfsfólki og sterku fagfólki sem svarar erindum hratt og vel.
- Þú getur verið ósammála reglunum en samskipti einstaklinganna eru í lagi.
- Samskipti almennt góð milli allra aðila og í raun ekkert út á þau að setja.
- Finnum að ráðuneytið er falið að en samstarf við það er gott.
- Þykir ánægjulegt að FA er tilbúið til þess að hlusta á okkur og tekur tillit til athugasemda eins og hægt er innan gildandi viðmiða og starfsreglna.
- Samskipti við FA eru bæði lipur og góð en samt ekki fullkomin – geta verið full einhliða og of lítið um samspil.
- Samskiptin eru í of ríkum mæli ákveðin upplýsingamiðlun og samtalið er mest í eina átt, þ.e. frá FA til fræðsluaðila en það er ekki útilokað að að fræðsluaðilar beri sjálfir hluta ábyrgðarinnar á því að þetta er ekki eins mikið samtal og það þarf helst að vera.

Raunfærnimatið

Áherslur beggja hópa voru áþekkar þegar kom að kostum og göllum raunfærnimatsins. Almennt töldu viðmælendur kerfið vera góða leið til að ná til fólks og gera það verðmætara og ekki síður til að auka sjálftraust

Þátttakenda. Könnun Capacent styður við framangreind sjónarmið eða fullyrðingar. Í könnuninni kemur fram að ekki urðu breytingar á högum 32% í kjölfar þess að viðkomandi fór í gegnum raunfærnimat, laun hækkuðu hjá 18% svarenda, 17% fengu aukna ábyrgð og 13% fengu starf á nýjum vinnustað. Af þeim sem tóku þátt í könnuninni og höfðu lokið raunfærnimati töldu 86% það skipta miklu máli að fá einingar sem hægt væri að fá metnar inn í framhaldsskóla í kjölfarið.

Bent var á að nokkur aðstæðumunur væri milli svæða hvað varðar getuna til að búa til nógu stóra hópa í „raunfærnimatskerfinu“. Þá kom fram sú skoðun að kerfið væri jafnvel að verða fórnarlamb eigin árangurs vegna þess að þegar búið væri að fara yfir tiltekin svæði væri þar lítil nýliðun í hópi mögulegra nemenda. Hins vegar má segja að þetta sé almennt vandamál sem verknám stendur frammi fyrir hérlandis þ.e. að þegar komið er út fyrir suðvesturhorn landsins er erfitt að manna hópa í algengum iðngreinum. Þá var jafnframt bent á að í vinsælum greinum eins og rafeindavirkjun hafi það gerst að stórir skólar á suðvesturhorni landsins næðu ekki í 10 manna hópa eins og viðmið í fjármögnunarlíkani framhaldsskóla gerði ráð fyrir.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um raunfærnimatið.

- Raunfærnimatið er að ganga vel.
- Það gengur að langmestu leyti vel að meta fólk inn í formlega skólakerfið.
- Raunfærnimatið hefur fengið ákveðin status bæði innan framhaldsfræðslunnar og almenna skólakerfisins.
- Raunfærnimatsnemar virðast ánægðir í skólakerfinu.
- Raunfærnimatið er nú formlegt og þar með sterkara eftir að þetta varð réttur manna að lögum og reglugerðin styrkir þetta enn frekar.
- Raunfærnimatið er ein mesta bylting sem orðið hefur í fræðslustarfi á Íslandi.
- Raunfærnimat er ódýr aðferð miðað við hefðbundið nám og gefur þátttakendum líka aukið sjálfstraust.
- Erum fórnarlamb eigin árangurs í raunfærnimati. Margir þeir sterkustu búnir að fara í gegnum kerfið og hópurinn er því aðeins öðruvísi í dag en hann var í upphafi.

Hvað gengur miður vel

Af þeim atriðum sem eru talinn ganga miður vel er kerfið MySchool, iðnnám¹, markaðssetning, kerfið í heild sinni og fjármál.

MySchool

Allir viðmælendur hjá fræðsluaðilum sem skrá þurfa í MySchool nefna að kerfið henti ekki starfseminni. Annars vegar var ítrekað nefnt að erfitt sé að þurfa að stofna notendur á mörgum stöðum í kerfinu og mikil handavinna sé við stofnun einstaklinga. Hins vegar að mjög tímafrekt sé að kalla fram þá tölfræði sem farið er fram á af hálfu FA. Enginn fulltrúi aðila vinnumarkaðarins, FA eða ráðuneytisins ræddi MySchool með þessum hætti þótt sumir nefndu að þeir hefðu heyrt af óánægju með kerfið.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um MySchool.

- MySchool er vonlaust kerfi – stórt og mikið og hentar starfseminni engan veginn.
- Tölfræðin er of tímafrek og of miklir hnökrar.
- Við höfum aðrar skráninga- og notendaparfir en kerfið er smíðað fyrir.
- Gætum sparað mikla vinnu með kerfi sem hentar starfseminni betur.
- Kallar á tvöfalt „bókhalð“ því við þurfum að nota MySchool gagnvart FA og Excel til að geta gert eitthvað með þetta sjálf sem felur í sér gríðarlegan tvíverknað.

¹ Örfáir sem nefna þetta atriði og nefndu þá að einhverjir árekstrar væru við tiltekna iðngreinar vegna skemmra náms sem tengdist tilteknum greinum.

Markaðsmál

Í töflu 7 sést að 67% athugasemda um markaðssetningu framhaldsfræðslunnar eru á þann veg að hún gangi ekki vel, sé ekki til staðar eða að kallað er eftir henni. Erfitt sé að ná í suma markhópana og þeir ekki að leita sér að námi, óljóst sé með hvaða hætti fræðsluaðilar eigi að markaðssetja sig og takmarkaður skilningur sé á að kerfið sé fimmta stoð menntakerfisins. Kerfið í heild sinni sé ekki nægjanlega kynnt meðal bæði atvinnurekenda og markhópsins. Nokkrir ræddu um að eftir ætti að að ákveða hvort markaðssetja skuli framhaldsfræðsluna sem eina heild eða hvort réttara væri að hver eining kæmi sér sjálfstætt á framfæri. Þessi óvissa hefði einnig áhrif á möguleika á kynningu á kerfinu í heild sinni.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um markaðsmál.

- Stéttarfélagin eru fá en atvinnurekendur margir og því erfiðara fyrir stéttarfélagin að ná til einstaklinga með kynningar á þeim menntunartækifærum sem til staðar eru. Það gæti staðið upp á FA að gera eitthvað í þessu, veita leiðsögn og taka forystu í samvinnu við fræðsluaðila.
- Aumingjastimpill á kerfinu, þetta séu grey sem koma í námið.
- Það átti að kynna þessa fimmtu stoð í framhaldsskólunum en því var hætt. Umhugsunarvert hvað margir þekkja ekki þessa leið sem gerir fræðsluaðilum erfiðara fyrir að ná í fólk í nám.
- Það vita fáir um framhaldsfræðsluna og/eða símenntunarmiðstöðvarnar og það er m.a. ímyndarvandamál.
- Fræðsluaðilar og kerfið í heild þurfa að skapa sér ímynd og tryggja sér stöðu. Markaðssetningin skiptir máli og henni þarf að sinna og kynna hvernig nám fer fram hjá þeim (fræðsluaðilum) og efla samvinnu milli kerfa, þ.e. milli framhaldsfræðslunnar og framhaldsskólastigsins.
- Mætti alveg vera meiri opinber kynning á framhaldsfræðslunni. Ekki eingöngu meðal þjónustuþega heldur í formlega skólakerfinu og atvinnulífinu.
- Skortir á markaðssetningu fullorðinsfræðslunnar. Er fimmta sviðið en er ekki þekkt. Skortir verulega á kynningu á þessu verkefni.
- Mjög mikilvægt að FA geri lýðum ljóst að það þurfi að vinna áfram á þessari matsleið, það sé ekki verið að gjaldfella nám, heldur að fjölga tækifærum einstaklinga.

Kerfið í heild sinni

Eðli málsins samkvæmt var mikil umræða um kerfið í heild sinni. Nokkur þemu komu fram í máli þátttakenda og töluvert mikill samhljómur. Kostir og gallar kerfisins vógu nokkuð jafnt í umræðum viðmælenda.

Almennt var rætt um að úthlutunarreglur Fræðslusjóðs væru ógagnsæjar og óljósar, ekki væri alltaf ljóst hvernig samskiptum FA og ráðuneytisins væri háttað, forsendur framhaldsskólanna væru um margt ráðandi í kerfinu. Fram kom það mat að skrifræði væri að aukast og stífni í kerfinu almennt. Margir urðu til að benda á að vísbendingar væru um að „óformlega“ kerfið væri í hættu með að verða formlegt, sem kallaði á stofnun annars óformlegs kerfis um t.d. tólmstundanámskeið. Þörf væri á styttri námsbrautum sem gæfu uppsafnanleg réttindi [einingar til framhaldsskóla eða í iðngrein] yfir tíma. Þá töldu margir sig greina tilhneigingu í framhaldsfræðslukerfinu til að færast yfir í „hagkvæmt“ bóknám.

Þá kom fram að skólameistarar framhaldsskóla hafa nokkuð frelsi til að meta inn einingar úr framhaldsfræðslukerfinu. Áberandi mikill munur var á mati þátttakenda á þessum punkti. Langflestir viðmælendur fræðslumiðstöðva vissu af vandamálum þessu tengdu en höfðu leyst þau á sínum svæðum. Má í því sambandi nefna samstarf við tiltekna framhaldsskóla. Fleiri fulltrúar aðila vinnumarkaðarins töldu að þetta væri meira vandamál en kom fram hjá öðrum viðmælendum.

Til viðbótar nefndu nokkuð margir að kennslufagið sjálfstýrking væri ofnotað og útþynnt sérstaklega í stærri brautunum.

Viðmælendur höfðu meðal annars þetta að segja um galla við kerfið í heild sinni.

- Fræðslusjóður hefur dregið úr skýrleika ábyrgðar á verkefnum. Var áður allt í Fræðslumiðstöð.
- Því oftast sem námsleið er seld verður erfiðara að ná inn í hóp. Erum ekki lengi að hreinsa upp markhóp í eina námsleið.
- Úthlutunarreglur Fræðslusjóðs flóknar og óaðgengilegar og engin yfirsýn yfir þá sjóði sem hægt er að fá úr.
- Vandí að búinn var til sérstakur sjóður sem sleit á milli framkvæmdaaðila og fjárveitinga og framkvæmdavalds.
- Raunveruleg hætta að færast of mikið í formlegt kerfi sem kallar á annað óformlegt kerfi.
- Núverandi kerfi dregur úr getu fræðsluaðila til að taka skyndilega og hratt við nýjum hópi þegar þarfir koma upp á viðkomandi svæði eins og t.d. við fjöldauppsagnir.
- Galli að í Fræðslusjóði eru eingöngu háskólafélk. Áhersla á að troða í sömu fögin og eru í framhaldsskóla
- Er of mikið sett í sjálfsstyrkingu – gott að vissu marki en svo er þetta orðið of mikið, sama gildir um færnimöppugerð. Lyktar af uppfyllingu. Algerlega ruglað að hafa kúrsana [sjálfstyrking / færnimöppugerð] ekki jafnlanga á öllum brautum.
- Kennsluaðferðirnar eru „alveg frábærar“ með að mæta fólki þar sem það er statt og mæta þeim sem eru les-, eða talnablandir og eiga vondar minningar úr skóla. Margar dæmisögur um þennan árangur.
- Margt í „kerfinu“ fer eingöngu fram á forsendum framhaldsskólanna – ráða mjög miklu í raun. Dæmi: framhaldsskólar eiga fulltrúa í stjórn Fræðslusjóðs en ekki símenntunarmiðstöðvar.

Fjármál

Heilt yfir var umræða um fjármál um tíundi hluti þess sem þátttakendur völdu að ræða. Það þótti kostur að gott væri að fá fjármagn til að reka kerfið en nokkrir ágallar voru nefndir. Flestir ræddu um að það skorti á gegnsæi við þróun og útfærslu úthlutunareglna Fræðslusjóðs, þá væri ekki að fullu ljóst hver væri skiptiregla fjárveitinga beint til fræðsluaðila á fjárlögum hvers árs.

Í tengslum við úthlutun Fræðslusjóðs nefndu nokkrir að það þyrfti að vera eitthvert svigrúm til flutnings á fjármunum á milli flokka s.s. frá námsleið til ráðgjafar, ekki endilega allt en að finna þyrfti eitthvert eðlilegt hlutfall sem ráðstafað væri með þeim hætti. Tilgangur þess væri að tryggja að unnt væri að bregðast við breyttum aðstæðum. Nokkrir komu inn á að svo virtist sem að framhaldsskólinn telji að framhaldsfræðslukerfið væri að taka til sín fé sem ella hefði runnið til skólanna. Þessi skilningur var svo jafnvel notaður til að skýra stífni við að samþykkja einingar á milli kerfa. Aðeins var fjallað um að í þróunarverkefnum væri skynsamlegt/nauðsynlegt að úthluta fjármagni til hvorutveggja námsskrárgerðar og prófunar á henni.

Nokkrir nefndu að það þyrfti að viðurkenna að verknám væri dýrara, námið væri ekki lánshæft og úti á landi gætu fjarlægðir án kostnaðarþátttöku orðið til þess að þátttaka væri nemendum dýr eða hreinlega komið í veg fyrir að þeir skrái sig. Loks var nefnt að fyrirtæki mættu að ósekju taka meiri þátt í kostnaði við endurmenntun.

Viðmælendur höfðu jafnframt þetta að segja um fjármál framhaldsfræðslukerfisins.

- Framhaldsskólinn stundum að agnúast út í miðstöðvarnar. Einhver ótti um að verið sé að taka fjármagn frá þeim. Okkar nemendur fara ekki í framhaldsskóla fyrr en þeir hafa náð áttum.
- Vitum ekki hvernig upphaflega skiptireglan var búin til – sama gildir um ráðgjafapeninginn. Hvernig varð reglan til? Þetta er ekki gegnsætt.
- Styrkir og þróunarverkefni: alltaf vissar áherslur, en virðast ekki byggja á langtímahugsun.
- Er svolítið tilviljanakennt og tíminn frá því að gefnar eru út áherslur til loka umsóknarfrests er of stuttur. Styrkir/fjármögnun vegna þróunarverkefna gilda of stutt.

Almennar ábendingar

Í eftirfarandi samantekt er farið yfir atriði sem ekki eru nefnd sem kostir eða gallar heldur atriði sett fram til umræðu.

Margir viðmælenda ræddu það sjónarmið að hætta væri á að framhaldsfræðsluferfið yrði gert að „menntaskóla“ sem myndi fæla „viðskiptavini“ kerfisins frá. Ekki væri eftirsóknarvert fyrir fólk sem færir þessa leið til að afla sér menntunar að „sitja með börnunum sínum“ í skólanum eða beygja sig undir ákveðna stífni í námskröfum. Ef kerfið flyttist of mikið í átt til núverandi skólakerfis myndi það kalla á stofnun annars óformlegs kerfis í framhaldinu, atriði sem hefur verið nefnt fyrir í þessari samantekt.

Kerfið í heild sinni

- Framhaldsskólinn einbeiti sér að ungmennum og þeirra félags- og menntunarpörf [sagt um galla við að hafa ólíka aldurshópa í sambærilegu námi].
- Hvaða vit er í að láta fullorðið fólk fara í leikfimi eða lífsleikni [eftir að þeir koma í framhaldsskóla – í tengslum við umræðu um brottfall og fullorðinsfræðslu]? Þetta kostar pening og skilar sennilega engu.
- Ófaglærðir eru stór hópur og það þarf að leysa það mál. Menn segjast vilja mennta fólk, en bara eftir þeim leiðum sem eru í boði „en það mun ekki virka núna frekar en áður“
- Vont ef eftirlit og rammar verða til þess að draga úr sveigjanleika og þyngja þjónustuframboð. Vísbendingar um að það sé að gerast.
- Stundum er tómstundanámið fyrsta skref inn í formlega kerfið og ef þau verða of formleg þá geta þau dottið í að þurfa annað óformlegt kerfi.
- Raunfærnimatið er að vekja framhaldsskólana til vitundar um að utan þeirra kjarnahóps, þ.e. ungs fólks, séu eldri einstaklingar sem vilja fara í skóla.

Samskipti, upplýsingaflæði, áskoranir

- Upplýsingaflæði tengt t.d. námsgagnagerð, gæti verið skilvirkara þannig að ekki séu allir í sífellu að finna upp hjólið.
- Vantar alla miðlæga kynningu sem allir gætu notað. Nefna dæmi um námsefni í X hjá Y sem er svo bara lokað inni hjá höfundu.
- Gengur illa að koma á námsbrautum í fámenni. Það mætti gjarnan vera meiri sveigjanleiki í þeim fjölda sem þarf í hvert námskeið. Hann er í dag 10 einstaklingar sem er erfitt að ná í dreifbýli. Þetta þýðir líka að miðað við algengt brottfall þarf a.m.k. að skrá 13-14 í námskeið til að vera öruggur um að 10 ljúki því.
- Það er einnig erfitt að fá kennara í dreifbýli (kostnaður á hvern nemenda er hlutfallslega miklu hærri). Með undanþágu frá lágmarksfjölda skerðist líka framlagið í stað þess að haldast eða jafnvel vera hærra sérstaklega á lengri námsbrautum.
- Aukin fókus á verknám. Stuttar hagnýtar verknámsleiðir, án þess að troða inn bóknáminu (ísl, ens, dan, stæ). Gæti gert það að verkum að nemendur vilja ekki koma í námið.
- Gætum hinsvegar verið með styttra nám sem sleppti bóknámi. Bóknámsþekkingin ekki nauðsynleg fyrir fagið.

Um kennara/leiðbeinendur

- Vantar fleiri kennara með bakgrunn í kennslufræði fullorðinna. Erum hér nánast bara með verktaka – leyfir að við erum ekki föst með kennara [talinn kostur].
- Kennararnir afgangsstærð í kerfinu, af því að þeir eru verktakar [talinn galli].
- Kennarar/matsmenn í verktakavinnu við að raunfærnimeta fólk sem svo fer til þeirra í nám – mikil spurning hvernig þetta þróast allt.

Mat á einingum

- Myndi vilja sjá fræðslumiðstöðvar eða ráðuneyti auðvelda þessa yfirfærslu á milli [einingar].
- „Brýr á milli kerfa“ - frumgreinadeild gefur ekki réttindi og er ekki viðurkennd til stúdentsprófs. Skapar flutnings- og gegnsæisvanda. Hefur verið leyst „ad-hoc“ en ekki kerfislega. Þá hafa t.d. kennarar verið að meta. Gæti kallað á breytingar í framhaldsskólalögum. Þarf að tryggja að kerfin vinni saman.
- Galli að skólastjórar geti ráðið hvort þeir viðurkenni einingar/nám frá öðrum stað. Það er mjög slæmt.
- Þarf líka að taka tillit til þess að verið sé að meta fullorðið fólk. Framhaldsskólinn hefur ekki mannskap í að meta hvern og einn. Passar ekki við áfangakerfið og framhaldsskólarnir hafa verið hissa á þessu. Hefur líka skipt máli að okkar markhópur hefur ekki verið markhópur framhaldsskólanna. En við höfum verið að fá yngra fólk til okkar en áður.

Fjárveitingar, fjármögnun og ráðstöfun fjármuna

Til framhaldsfræðslunnar renna verulegir fjármunir og hafa þeir aukist nokkuð í áföngum frá árinu 2006. Þannig var í fjárlögum ársins 2006 varið um 291 m.kr. til fjárlagaliðarins 02-451 Símenntun og fjarkennsla. Í fjárlögum ársins 2013 var varið um 1.359 m.kr. til fjárlagaliðarins 02-451 sem heitir nú Framhaldsfræðsla. Stærsta einstaka viðfangsefnið þar er rúmlega 744 m.kr. og erum að ræða fjárveitingu til Fræðslusjóðs. Á árinu 2014 er áformað að ráðstafa um 771 m.kr. til Fræðslusjóðs sem er lykilaðili við að fjármagna þær námsleiðir sem fræðsluaðilar bjóða upp á.

Í töflunni hér á eftir sjást framlög til málaflokksins frá árinu 2011 og áformaðar fjárveitingar á árinu 2014.

02-451 Framhaldsfræðsla							
Á verðlagi hvers árs							
	Ár	2009	2010	2011	2012	2013	2014
1.10	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	88,5	88,3	110,4	238,4	122,6	126,9
1.11	Framhaldsfræðsla, almennt	11,4	6,7	6,1	66,4	66	36,2
1.12	Fræðslusjóður (áður námskeið og ráðgjöf)	507,1	680,9	671,4	678	744,5	770,6
1.13	FS-net, símenntunarstöðvar	15,2	16	14,9	15,4	16,1	16,7
1.15	Mímir, símenntun	14	14	13	13,4	14	14,5
1.21	Símenntunarstöð á Vesturlandi	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7
1.22	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	23,4	18,4	17,1	17,7	18,5	19,1
1.23	Farskóli Norðurlands vestra	26,3	30,1	28	28,7	29,8	30,8
1.24	Símenntunarstöð Eyjafjarðar	18,4	18,4	17,1	17,7	18,5	19,1
1.25	Þekkingarsetur Þingeyinga	32,5	37,4	34,8	35,9	37,5	38,8
1.26	Þekkingarnet Austurlands	42	41,9	51	52,7	55,1	57
1.27	Fræðslunet Suðurlands	21,4	15	17	17,5	18,3	18,9
1.28	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7
1.29	Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	21,4	21,2	19,7	20,2	21	21,7
1.30	Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	14	14	13	13,4	14	14,5
1.33	Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,9	9,9	9,2	9,5	9,9	0
1.41	Íslenskukennsla fyrir útlendinga	128	132,3	120,9	127,7	131,1	135,7
Samtals		1.016,3	1.186,9	1.183,0	1.393,0	1.358,9	1.363,9


Fjármögnun ríkissjóðs á framhaldsfræðslunni byggir annars vegar á föstum fjárveitingum til tiltekinnar fræðsluaðila sem sinna verkefnum sem eru víðtækari en hin formlega framhaldsfræðsla samkvæmt lögum. Sögulegur bakgrunnur, skipulagning og uppbygging hvers fræðsluaðila er að hluta til ólík en að kjarna til sinna flestir fræðsluaðilar annars vegar verkefnum sem falla formlega undir lög um framhaldsfræðslu. Hins vegar er um að ræða verkefni sem ekki falla undir þau lög. Þar má nefna stuðning við fjarnám háskóla, rannsóknir á háskólastig, tómstundanám og annað almennt nám sem ekki er fjármagnað af ríkissjóði beint til fræðsluaðila eða í gegnum Fræðslusjóð. Fjármögnun þess hluta kemur þannig frá nemendum sjálfum, starfsmenntasjóðum, stéttarfélögum, vinnuveitendum eða öðrum sjóðum utan hins formlega framhaldsfræðslukerfis. Þannig er unnt fyrir fræðsluaðilana að mæta staðbundnum aðstæðum og þörfum fyrir menntun og tryggja að á hverjum tíma séu til staðar innviðir og utanumhald í formi aðstöðu, búnaðar og starfsemi sem styður fræðslustarf í héraði. Hjá Austurbrú nemur umfang háskólastarfseminnar 70% af þeim fjármunum sem koma beint úr ríkissjóði til þeirra. Hjá Þekkingarneti Þingeyinga nemur háskólastarfsemin um 60% af þeim fjármunum sem koma beint úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs.

Þróun framlaga ríkissjóðs frá árinu 2006

Neðangreind mynd sýnir þróun framlaga ríkissjóðs frá árinu 2006 til framhaldsfræðslunnar og skyldrar starfsemi þ.e. framlaga á fjárlagalið 451. Milli árana 2006 og 2007 rúmlega tvöfaldast framlög til „símenntunar og fjarkennslu“ og um 56% milli árana 2007 og 2008 á verðlagi hvers árs. Þróunin er til hækkunar allt til ársins 2010. Eftir það verður lækkun sem endurspeglar bæði aðhaldsaðgerðir ríkissjóðs en einnig aukna áherslu á þætti eins og raunfærni og aðrar áherslur tengdar atvinnustigi í samfélaginu eftir árið 2011. Þó svo að

dregið hafi úr aukningu fjárveitinga og þær dregist saman að raungildi frá árinu 2010 er verulegum fjármunum varið til kerfisins og framhaldsfræðslukerfið hefur orðið fyrir minni skerðingu framlaga en önnur kerfi hjá ríkinu í þeim aðhaldsfjárlögum sem hafa verið sett fram frá og með árinu 2008.

Mynd 2. Framlög til fjárlagaliðarins 451 framhaldsfræðsla árin 2006-2014 (á verðlagi hvers árs)



Aðrar tekjur fræðsluaðila sem jafnframt eru með framlög á fjárlögum á árunum 2011-2013 eru 1.905 m.kr. sem sjást í neðangreindri töflu. Í það heila tekið þá hækka aðrar tekjur fræðsluaðila ekki mikið á þessu tímabili.

Teikjur fræðsluaðila aðrar en framlög á fjárlögum og frá Fræðslusjóði árin 2011-2013	Meðalhutfall (2011-2013)
Mímír- símenntun	481.805.351 44,37%
Framvegis	126.455.331 63,95%
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	124.543.376 49,26%
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	114.966.742 44,56%
Farskóli Noðurlands vestra	41.479.203 25,22%
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	250.694.515 43,02%
Austurbrú	212.060.411 45,07%
Þekkingarsetur Þingeyinga	90.795.557 36,62%
Viska - fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja	26.845.291 26,60%
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	283.446.229 45,04%
Miðstöð símenntunar á Suðurlandi	152.202.357 47,88%
Samtals:	1.905.294.363

Bein framlög til fræðsluaðila endurspeglar áherslur á hverju svæði og þeir fræðsluaðilar sem einnig sinna háskólamálum og rannsóknnum eru með umfangsmeiri starfsemi en aðrir. Fræðslusjóður er annað tæki til þess að ráðstafa fjármunum og er það gert á grundvelli úthlutunarreglna sem sjóðurinn setur árlega og taka mið af áherslum hvers árs.

Frá árinu 2009 til ársins 2013 hefur Fræðslusjóður ráðstafað rúmlega 3.062 m.kr. til verkefna fræðsluaðila. Auk þess var á árinu 2013 ráðstafað 104,3 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“.

Alls framkvæmt af samstarfsaðilum FA 2011- 2013						
Á verðlagi hvers árs			Ár			
	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Fræðsluaðili						Viðbótar- úthlutun Nám er vinnandi vegur
Mímír	159.744.864	189.357.000	180.557.978	184.046.160	173.105.000	15.808.902
IÐAN	88.418.000	85.178.000	85.780.100	81.909.000	89.690.485	31.468.815
Starfsmennt	-	4.300.000	10.059.599	13.240.000	7.102.000	-
Framvegis				13.210.000	14.100.000	14.925.000
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	9.900.000	11.900.000	9.161.000	10.904.000	6.794.300	-
Samtals á höfuðborgarsvæðinu	258.062.864	290.735.000	285.558.677	303.309.160	290.791.785	62.202.717
Vesturland	24.191.875	35.890.000	21.881.730	22.376.000	22.400.000	2.928.749
Vestfirðir	18.424.333	31.092.333	30.965.250	29.450.000	28.823.200	
Norðurland vestra	17.594.167	19.110.000	12.014.949	12.015.000	11.030.000	-
Eyjafjörður	53.052.200	83.175.000	88.325.239	95.174.950	90.038.400	19.287.300
Þingeyingar	13.425.000	16.450.000	16.487.825	15.295.000	16.490.000	-
Austurland	16.170.000	36.412.500	34.237.865	33.612.570	31.625.400	-
Suðurland	20.000.000	31.122.500	36.224.629	34.647.000	33.240.000	3.203.300
Vestmannaeyjar	9.364.945	8.990.000	15.638.300	14.880.000	14.900.000	2.761.250
Suðurnes	64.974.667	90.713.000	89.836.910	98.702.800	93.223.200	13.931.625
Samtals á landsbyggðinni	237.197.187	352.955.333	345.612.697	356.153.320	341.770.200	42.112.224
Samtals	495.260.051	643.690.333	631.171.374	659.462.480	632.561.985	104.314.941

Íbúafjöldi þess svæðis sem fræðsluaðili vinnur á hefur áhrif á verkefni þeirra. Þannig er lítið um að minni aðilar eins og Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Viska í Vestmannaeyjum og Þekkingarnet Þingeyinga sinni raunfærnimati þar sem erfitt er að tryggja nógu mikla þátttöku.

Námsráðgjöf

Fjármunir sem Fræðslusjóður ráðstafaði á grundvelli framkvæmdar námsráðgjafar á hverju ári á tímabilinu 2009 til 2013 námu 694,4 m.kr. Árið 2009 var ráðstafað 121,5 m.kr. í náms- og starfsráðgjöf, árið 2010 var þessi upphæð 150,2 m.kr., á árinu 2011 var ráðstafað 143,6 m.kr. til námsráðgjafar, um 140 m.kr. árið 2012 og 139 m.kr. á árinu 2013, en þar af voru tæpar 12,9 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ á því ári.

Námsráðgjöf						
Á verðlagi hvers árs	Ár					
	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Fræðsluáðili						Viðbótar- úthlutun Nám er vinnandi vegur
Mímir	30.675.000	33.960.000	33.982.178	31.160.000	25.980.000	826.800
IÐAN	23.702.378	27.150.000	25.870.500	32.879.000	33.131.485	9.031.215
Starfsmennt	-	4.300.000	5.180.599	5.280.000	4.062.000	
Framvegis	-	-	-	-	-	
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	6.240.000	8.052.000	6.552.000	7.404.000	4.484.300	
Samtals á höfuðborgarsvæðinu	60.617.378	73.462.000	71.585.277	76.723.000	67.657.785	9.858.015
Vesturland	6.670.000	10.810.000	8.726.730	7.530.000	7.500.000	283.900
Vestfirðir	4.115.000	7.490.000	6.982.500	5.950.000	5.323.200	
Norðurland vestra	3.410.000	4.320.000	2.999.949	2.010.000	2.450.000	
Eyjafjörður	9.925.000	8.510.000	8.298.239	10.700.000	6.980.000	636.000
Þingeyingar	5.020.000	5.490.000	5.301.500	4.640.000	5.790.000	
Austurland	4.600.000	9.370.000	8.438.350	8.200.000	6.625.400	
Suðurland	6.800.000	6.820.000	8.200.829	6.400.000	6.400.000	919.800
Vestmannaeyjar	3.927.445	3.290.000	3.193.500	2.300.000	2.300.000	1.163.000
Suðurnes	16.450.000	20.640.000	19.944.410	15.560.000	15.130.000	
Samtals á landsbyggðinni	60.917.445	76.740.000	72.086.007	63.290.000	58.498.600	3.002.700
Samtals	121.534.823	150.202.000	143.671.284	140.013.000	126.156.385	12.860.715

Námsleiðir

Fjármunir sem Fræðslusjóður ráðstafaði á grundvelli framkvæmdar til námsleiða frá 2009 til 2013 námu alls um 2.078 m.kr. Árið 2009 var ráðstafað um 297,5 m.kr. til námsleiða, um 421,8 m.kr. árið 2010 og rúmlega 399,7 m.kr. árið 2011. Á árinu 2012 var tæplega 444,9 m.kr. ráðstafað til námsleiða og um 515,3 m.kr. á árinu 2013, en þar af eru 66,9 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“.

Vottaðar námsleiðir						
Á verðlagi hvers árs	Ár					
	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Fræðsluáðili						Viðbótar- úthlutun Nám er vinnandi vegur
Mímir	121.179.864	153.120.000	138.535.000	144.564.160	144.600.000	14.982.102
IÐAN	-	-	-	1.420.000	8.949.000	
Starfsmennt	-	-	-	4.050.000	3.040.000	
Framvegis	-	-	-	13.210.000	14.100.000	14.925.000
Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins	-	-	-	-	-	
Samtals á höfuðborgarsvæðinu	121.179.864	153.120.000	138.535.000	163.244.160	170.689.000	29.907.102
Vesturland	17.521.875	25.080.000	13.155.000	14.846.000	14.900.000	2.644.849
Vestfirðir	14.309.333	23.602.333	23.470.000	23.500.000	23.500.000	
Norðurland vestra	14.184.167	14.790.000	9.015.000	10.005.000	8.580.000	
Eyjafjörður	43.127.200	71.262.500	73.985.000	82.294.000	80.680.000	17.776.500
Þingeyingar	8.405.000	10.960.000	10.300.000	10.655.000	10.700.000	
Austurland	11.570.000	25.792.500	23.416.000	24.976.000	25.000.000	
Suðurland	13.200.000	23.830.000	27.555.000	26.527.400	26.500.000	2.283.500
Vestmannaeyjar	5.437.500	5.700.000	10.370.000	12.580.000	12.600.000	338.250
Suðurnes	48.524.667	67.622.000	69.892.500	75.263.000	75.300.000	13.931.625
Samtals á landsbyggðinni	176.279.742	268.639.333	261.158.500	280.646.400	277.760.000	36.974.724
Samtals	297.459.606	421.759.333	399.693.500	443.890.560	448.449.000	66.881.826

Raunfærnimat

Fjármunir sem Fræðslusjóður ráðstafaði á grundvelli framkvæmdar til raunfærnimats á tímabilinu 2009 til 2013 námu tæplega 393,9 m.kr. Á árinu 2009 var ráðstafað um 76,3 m.kr. til raunfærnimats, árið 2010 var upphæðin 72,7 m.kr. og árið 2011 var 87,8 m.kr. ráðstafað., um 75,6 m.kr. árið 2012 og 82,5 m.kr. á árinu 2013, þar af var ráðstafað 24,6 m.kr. vegna verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“.

Raunfærnimat						
Á verðlagi hvers árs	Ár					
	2009	2010	2011	2012	2013	2013
Fræðsluaðili						Viðbótar-úthlutun Nám er vinnandi vegur
Mímir	7.890.000	2.277.000	8.040.800	8.322.000	2.525.000	
IÐAN	64.715.622	58.028.000	59.909.600	47.610.000	47.610.000	22.437.600
Starfsmennt			4.879.000	3.910.000		
Framvegis						
Fræðsluskv. rafiðnaðarins	3.660.000	3.848.000	2.609.000	3.500.000	2.310.000	
Samtals á höfuðborgarsvæðinu	76.265.622	64.153.000	75.438.400	63.342.000	52.445.000	22.437.600
Vesturland						
Vestfirðir			512.750			
Norðurland vestra						
Eyjafjörður		3.402.500	6.042.000	2.180.950	2.377.600	876.000
Þingeyingar			886.325			
Austurland		1.250.000	2.383.515	436.570		
Suðurland		472.500	468.800	1.719.600	340.000	
Vestmannaeyjar			2.074.800			1.260.000
Suðurnes		2.451.000		7.879.800	2.793.200	
Samtals á landsbyggðinni	-	7.576.000	12.368.190	12.216.920	5.510.800	2.136.000
Samtals	76.265.622	71.729.000	87.806.590	75.558.920	57.955.800	24.573.600

Rekstur Fræðslusjóðs

Samkvæmt starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir því að FA myndi ráðstafa sem næmi 1,8 stöðugildi til vinnu fyrir Fræðslusjóð.

Þau verkefni fela eftirfarandi í sér:

- Annast fundarboð, fundargerðir og almenna þjónustu vegna stjórnarfundu Fræðslusjóðs.
- Gera fjárhagsáætlunir á grundvelli ákvarðana sjóðsstjórnar og upplýsa stjórn sjóðsins um framvindu áætlana með reglulegum hætti.
- Auglýsa eftir umsóknum frá fræðsluaðilum og vinna úr þeim fyrir fundi stjórnar.
- Gera samninga við fræðsluaðila á grundvelli samþykktu úthlutana til verkefna.
- Framkvæma greiðslur, færa bókhald og láta endurskoða ársreikning Fræðslusjóðs.
- Vinna verklagsreglur og verkferla eftir þörfum og óskum.
- Safna upplýsingum um framvindu verkefna frá fræðsluaðilum eins og skilmálar kveða á um.
- Veita sérfræðiráðgjöf vegna umsókna og úthlutana eftir því sem stjórn Fræðslusjóðs óskar eftir.
- Veita stjórn sjóðsins upplýsingar um tölfræði og árangur starfsins.
- Gera ársskýrslu um starfsemi sjóðsins.

Framkvæmdastjóri FA og fjármálastjóri skrá sérstaklega þá tíma sem eru unnir fyrir Fræðslusjóð.

Árið 2013 voru skráðar 924 vinnustundi hjá FA vegna vinnu fyrir Fræðslusjóð auk orlofs sem eru 120 tímar. Auk þess má áætla um 1.415 stundir vegna bókara, gjaldkera og móttöku, eða alls um 2.340 vinnustundir. Ekki er greitt sérstaklega fyrir þessa umsýslu og annast FA hana samkvæmt samningi við stjórn Fræðslusjóðs.

Viðauki 1 - Viðmælendur og þátttakendur á vinnustofum

- **Austurbrú.** Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Karl Sölvi Guðmundsson og Sigrún Víglundsdóttir.
- **Mennta- og menningarmálaráðuneyti.** Stefán Stefánsson, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ólafur Grétar Kristjánsson og Arnór Guðmundsson.
- **Farskóli Norðurlands vestra** – Bryndís Kristín Þráinsdóttir, Jóhann Ingólfsson, Halldór Brynjar Gunnlaugsson og Aðalheiður Reynisdóttir.
- **Framvegis** - Ragnhildur B. Bolladóttir, Líney Jóhannesdóttir og Vigdís Þyrí Ásmundsdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir.
- **Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins.** Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Fjóla María Lárusdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Haukur Harðarson, Sigrún Jóhannesdóttir, Friðrik Hjörleifsson og Björn Garðarsson.
- **Fræðslumiðstöð Vestfjarða.** Smári Haraldsson, Guðbjörn Páll Sölvason, Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir.
- **Fræðslunet Suðurlands.** Ásmundur S. Pálsson, Raket Þorsteinsdóttir, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir og Sandra D. Gunnarsdóttir.
- **Fræðsluskrifstofa Rafiðnaðarins** Ísleifur Árni Jakobsson.
- **Iðan.** Hildur Elín Vignir, Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, Edda Jóhannesdóttir, Erna G. Árnadóttir, Iðunn Kjartansdóttir.
- **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.** Guðjónína Sæmundsdóttir, Særún Rósa Ástþórsdóttir og Anna Lóa Ólafsdóttir.
- **Mímír – símenntun.** Hulda Ólafsdóttir, Sólborg Jónsdóttir og Ingunn Guðmundsdóttir.
- **Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.** Inga Dóra Halldórsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir.
- **Símei - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.** Erla Björg Guðmundsdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Arnþrúður Eik Helgadóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hildur Bettý Kristjánsdóttir, Heimir Haraldsson, Valgeir Blöndal Magnússon.
- **Starfsmennt.** Hulda Anna Arnljótsdóttir og Sólborg Alda Pétursdóttir.
- **Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.** Valgerður Guðjónsdóttir, Sólrún Bergþórsdóttir, Margrét Hjálmarsdóttir, Ester Garðarsdóttir og Jóhanna Lilja Eiríksdóttir.
- **Þekkingarnet Þingeyinga.** Óli Halldórsson, Hilmar Valur Gunnarsson og Erla Dögg Ásgeirsdóttir.
- **Stjórn FA og stjórn Fræðslusjóðs sem fulltrúi ASÍ.** Halldór Grönvold.
- **Stjórn FA / fulltrúi byggingariðnaðarins.** Finnbjörn A. Hermannsson.
- **Stjórn FA og stjórn Fræðslusjóðs sem fulltrúi Eflingar.** Atli Lýðsson.
- **Stjórn FA / fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis.** Guðmundur H. Guðmundsson.
- **Stjórn FA og stjórn Fræðslusjóðs sem fulltrúar Samtaka atvinnulífsins.** Guðrún Eyjólfsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.
- **Stjórn FA / fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar.** María Guðmundsdóttir.
- **Stjórn FA / fulltrúi SFR.** Árni Stefán Jónsson.
- **Fulltrúi ráðherra í stjórn fræðslusjóðs, skipaður án tilnefningar.** Jón Torfi Jónsson.